

KENNSLUSKRÁ
MYNDLISTARDEILDAR
LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS
08-09

Myndlistardeild Listaháskóla Íslands
Laugarnesvegi 91
105 Reykjavík
Sími: 520 24 00
Fax: 520 24 09
Netfang: lhi@lhi.is
Veffang: <http://www.lhi.is>

Útgefandi: Myndlistardeild Listaháskóla Íslands 2008
Ritstjóri: Helga Pálína Brynjólfssdóttir
Prentun: Leturprent

FYRIRVARI

Kennsluskrá myndlistardeildar er birt með fyrirvara um ófyrirsjáanlegar og nauðsynlegar breytingar

ALMENNT UM NÁM Í MYNDLISTARDEILD

MARKMIÐ

Markmið myndlistardeildar er að skapa nemendum aðstöðu til að auka þekkingu sína og skilning á samtímamyndlist. Að móta gagnrýna meðvitund á sögu og kenningum fagsins þar sem forvitni, skilningur og áráði eru höfð að leiðarljósi. Að nemendur geti þroskað og þróað með sér sjálfstæða myndhugsun sem miðar að því að þeir verði hæfari til að takast á við hlutverk sitt og stöðu sem myndlistarmenn. Myndlistardeild stendur fyrir verkefnum á sviði handverks, listsköpunar og fræðigreina í því markmiði að hvetja nemendur til gagnrýnnar og skapandi hugsunar sem skilar sér með markvissri framsetningu á sjálfstæðum myndverkum.

NÁMIÐ

Nám í myndlistardeild Listaháskóla Íslands er þriggja ára nám, 180 eininga nám til B.A.-gráðu. Því lýkur með B.A. - verkefni sem felur í sér ritgerð, ferilmöppu og lokaverk sem sýnt er á útskriftarsýningu. Fullt nám á önn er 30 einingar. Námið skiptist á milli listsköpunar til 132 eininga og fræðigreina til 48 eininga og miðar að því að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð, auki þekkingu sína og skilning og rækti sjálfa sig sem listamenn.

Myndlistardeild sérhæfir sig í mótun og miðlun þekkingar í samtímamyndlist. Boðið er upp á fjölbreytt nám með áherslu á fræðilega nálgun og verklega kennslu í þeim vinnubrögðum sem nauðsynleg eru til að ná árangri við störf eða frekara nám. Leitast er við að upplýsa og fræða nemendur með skapandi, opnum og rannsakandi hætti, í samræmi við þau leitandi og framsæknu viðhorf er einkenna myndlistarumræðu samtímans í innlendu sem og alþjóðlegu samhengi.

Náminu er ætlað að vera vettvangur fyrir tilraunir, sköpun og umræðu út frá sjálfstæðri vinnu nemenda, ásamt því að tengja saman verklega og fræðilega þætti myndlistarstarfsins. Því er lögð rík áhersla á að verkleg færni fari saman við þekkingu á listfræði; listasögu og listheimspeki. Nemendur eru hvattir til að móta sjálfstæða sýn á heiminn, þar sem innsæi, söguleg vitund og greinandi aðferðir eru hafðar að leiðarljósi. Megintilgangur námsins felst í að styrkja jafnt hugmyndafræðilega sem verklega þekkingu nemenda til sköpunar sjálfstæðra og persónulegra listaverka. Tjáningu sinni, þekkingu, skoðunum eða tilfinningum koma nemendur á framfæri með myndrænum hætti, þar sem hugmyndalegar forsendur og niðurstöður sköpunarinnar eru settar í sögulegt samhengi og ræddar með greinandi hugtökum er snerta umræðu um samtímalistir.

HLUTVERK

Hlutverk myndlistardeildar er að vera leiðandi afl í myndlistarkennslu á háskólastigi. Að deildin verði vettvangur kennslu, upplýsinga, rannsókna og umræðu. Að nemendur og kennarar rækti tengis jafnt við almenning, listheiminn og atvinnulíf í landinu.

KENNSLAN

Leitast er við að upplýsa og fræða nemendur með skapandi, opnum og rannsakandi hætti. Tekið er mið af viðfangsefnum samtímamyndlistar og þeim leitandi og framsæknu viðhorfum er einkenna myndlistarumræðu samtímans.

Áhersla er lögð á að tengja kennsluna við listsköpun nemenda með einstaklingsbundinni leiðsögn og er unnið með hugmyndir, úrvinnslu þeirra, framsetningu og gagnrýni.

Kennslan skiptist á milli tækni- og handverkskennslu, listsköpunar og fræðigreina. Megin áhersla er lögð á listsköpun og er sá þáttur námsins fyrirferðamestur. Hann fer fram á vinnustofum nemenda og á skipulögðum námskeiðum þar sem tekin eru fyrir margskonar verkefni.

Verkstæði myndlistardeildar eru mikilvægur kennslu- og þjónustuvettvangur fyrir nemendur. Þar fer fram fjölbreytt kennsla og kynningar. Nemendum gefst kostur á að nota verkstæðin til framleiðslu eigin verka auk þess sem umsjónarmenn aðstoða nemendur við úrlausnir verkefna.

Listfræði, auk listheimspeki er mikilvægur þáttur listkennslunnar. Lögð er áhersla á sögulegan skilning nemenda, að þeir átti sig á stöðu sinni í framvindu listasögunnar og geti nýtt sér þá þekkingu list sinni og listhugsun til framdráttar. Kennsluaðferðir eru í formi fyrirlestra, umræðna og hvers kyns verkefna, s.s. ritgerða og rannsóknarverkefna.

Leitað er eftir samstarfi við starfandi listamenn, stofnanir og fyrirtæki innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi um kennslu og þátttöku í sérhæfðum verkefnum sem ætlað er að skapa tengingu við tíðaranda og viðfangsefni listarinnar, viðhorf og lífsstíl listamanna.

1. ár

Á haustmisseri 1. árs taka nemendur þátt í fjölbreyttum námskeiðum sem ætlað er að kynna helstu grunnhugmyndir, hugtakanotkun og vinnuaðferðir í samtímamyndlist. Megintilgangur námskeiðanna er að veita nemendum innsýn á starfssvið, markmið og möguleika í námi innan myndlistardeildar. Nemendur skilgreina og ræða um helstu stefnur og hugtök í sjónlistum samtímans, ásamt því að staðsetja sig og velja sér stefnu er hæfir áhuga þeirra og væntingum með námi innan deildarinnar. Nemendur stunda nám í listasögu og sækja námskeið í sjónmenningu samtímans, auk margs konar námskeiða í tækni og aðferðum hinna ýmsu miðla sem fara fram á verkstæðum skólans s.s. ljósmyndun, tölvuvinnslu, vídeó, smíði, mótun, málun og prentun.

Á vormisseri velja nemendur á milli námsáfanga þar sem lögð er áhersla á listsköpun og tækni ólíkra miðla. Þar gefst þeim kostur á að móta sér sjálfstæðan og persónulegan námsferil, er hentar áhugasviði þeirra og væntingum. Í vinnustofunum eru tekin fyrir margs konar verkefni er tengjast listsköpun; s.s. hugmyndavinna, rannsóknir, sköpun, umræða, aðferðir, tækni, sjálfstæð vinna o.þ.h. í listfræði eru skyldugreinar á báðum önnum (16 ein); alþjóðleg samtímamyndlist, alþjóðleg nútímalistasaga og sjónmenning samtímans.

2. ár

Í upphafi haustmisseris velja nemendur 2. árs á milli þriggja vinnustofa þar sem viðfangsefnið er rými, flötur eða tími. Námskeiðin eru hugsuð sem vettvangur fyrir nemendur til að dýpka og auðga þekkingu sína á völdu sérsviði yfir lengra tímabil. Gengið er út frá þremur hugtökum sem ætlað er að fanga megináherslur í myndlist samtímans, ásamt því að efla gagnrýna vitund og skilning á virkni listaverksins í nútímasamhengi. Nemendur vinna sjálfstætt að sínum verkefnum undir leiðsögn kennara og gestalistamanna. Mikið reynir á getu nemandans til að vinna sjálfstætt og kjark til að fara í þá óvissuferð sem myndlistarfagið krefst. Við lok námskeiðsins verður haldin sameiginleg sýning á verkum nemenda, þar sem opin umræða og gagnrýni er í brennidepli.

Á vormisseri velja nemendur á milli fjölbreyttra vinnustofa þar sem tækifæri gefst hvort heldur er, til enn frekari dýpkunar og sérhæfingar á viðfangsefnum sem tengjast listsköpun eða til að bæta við þekkingu í tækni og aðferðum ólíkra miðla.

Í listfræði er skyldunámskeið í íslenski listasögu á haustmisseri en eftir það eykst val nemenda í fræðigreinum til muna.

3.ár

Nemendur á 3. ári vinna sjálfstætt á vinnustofum sínum þar sem þeir eiga þess kost að dýpka og auðga listrænar rannsóknir á sínu áhugasviði. Verkefnavinna fer fram á vinnustofum þar sem regluleg umræða og gagnrýni á sér stað um einstök verkefni. Á skólaárinu kemur mikill fjöldi sjálfstætt starfandi lista- og fræðimanna sem hafa umsjón með fjölbreyttum verkefnum og standa fyrir umræðum um þau. Í lok hverrar lotu er ætlast til að nemendur skili einu verki til sameiginlegar yfirferðar. Áhersla er lögð á að nemendur rækti með sér skapandi hugsun og áræðni, temji sér sjálfstæð, öguð og markviss vinnubrögð í sínu listræna starfi. Auk sjálfstæðrar vinnu á heimasvæðum sínum taka nemendur 3. árs þátt í málstofu, þar sem fram fara fjölbreyttir fyrirlestrar, kynningar og umræður. Á haustönn ber nemendum að hefja forvinnu lokaritgerðar og skrifa stutta greinargerð um eitt af sínum verkum en lokaritgerðinni skal að skila í febrúar. Út frá listfræði horfa nemendur í eigin barm og takast á við stöðu sína í listheiminum sem sjálfstæðir gerendur í heimi listarinnar.

VERKSTÆÐI MYNDLISTARDEILDAR

Verkstæði myndlistardeildar eru mikilvægur kennslu- og þjónustuvettvangur fyrir nemendur skólans. Þar fer fram fjölbreytt kennsla og kynningar, ásamt því að umsjónarmenn aðstoða nemendur við úrlausnir verkefna. Verkstæðin eru opin öllum nemendum deildarinnar sem lokið hafa tilteknum grunnnámskeiðum eða búa yfir nægjanlegri þekkingu til að vinna með tækin. Sérstök tækni- og verkstæðisnámskeið eru haldin með reglulegu millibili. Að námskeiðunum loknum er gerður samningur milli nemenda og skólans sem veitir nemendum rétt til sjálfstæðrar vinnu á verkstæðunum. Vegna sérhæfðar aðstoðar þarf að bóka tíma fyrirfram hjá umsjónarmönnum verkstæða.

LJÓSMYND- OG MYNDVINNSLUVER

Í ljósmyndaveri er aðstoða til að vinna lit- og svart/hvítar myndir. Í myndvinnsluveri fer fram vinna með filmur, skönnun, stafræna myndvinnslu og útprentun. Í myndveri er aðstoða og tæki til ljósmyndunar og vídeóupptöku.

Umsjónarmaður: Eric Wolf.

TRÉ- OG MÁLMSMÍÐAVERKSTÆÐI

Í smiðjunni í Laugarnesi er aðstoða fyrir nemendur til að þróa með sér tæknikunnáttu og verkþekkingu í smíði. Í smiðjunni eru trésmíða- og járnsmíðaverkstæði. Á trésmíðaverkstæðinu er aðstoða og tæki til að vinna flest verk. Á járnsmíðaverkstæðinu er aðstoða til almennrar vinnu við járn og aðra mála s.s. skurð, suðu og kveikingar. Jafnframt er í tengslum við verkstæðin aðstoða til mótunar og afsteypu.

Umsjónarmaður: Gulleik Lövskar.

PRENTVERKSTÆÐI

Nemendur hafa aðgang að verkstæðinu til að útfæra hugmyndir sínar í grafískan miðil. Verkstæðið er vel búið tækjum og áhöldum fyrir allar grafískar aðferðir. Á prentverkstæði er einnig mögulegt að sinna prenttækni og bókagerð. Nemendur geta fengið ráðleggingar og leiðsögn hjá umsjónarmanni.

Umsjónarmaður: Jóhann L. Torfason.

VÍDEÓ- OG HLJÓÐVER

Í vídeó- og hljóðveri er aðstoða fyrir nemendur sem vilja búa til og vinna með vídeó og hljóð. Möguleiki er á gagnvirkri tækni. Velja má ólíkar aðferðir vídeó- og hljóðgerðar, meðhöndlun og úrvinnslu í sambandi við aðra listmiðla, s.s. innsetningar, vídeó, gjörninga, tónleika og internet.

Umsjónarmaður: Sigrún Harðardóttir

EFNISKAUP

Nemendur þurfa sjálfir að útvega sér efni vegna náms í myndlistardeild. Hjá þjónustufulltrúa er þó mögulegt að kaupa á hagstæðum kjörum ýmislegt smálegt til fjölföldunar, ljósritunar og upptöku.

TÆKJAKOSTUR

Nemendum myndlistardeildar stendur til boða aðgangur að fjölbreyttum tækja- og verkfærakosti til listsköpunar og skráningar, þ.m.t. videóupptökuvélum, stafrænum ljósmyndavélum og filmuvélum, hljóðupptökutækjum, skjávörpum, myndvörpum, rafmagnsverkferum, o.fl.

Þjónustufulltrúi í Laugarnesi sér um lán á tækjum og verkfærum deildarinnar.

Þjónustufulltrúi: Lísu Guðjónsdóttir.

HÚSNÆÐI

Allir nemendur fá úthlutað rafrænum lykli er gengur að skólanum, heimasvæðum nemenda og verkstæðum. Húsnæði skólans er opið frá kl. 08:00 til 16:00 virka daga, en eftir kl. 16:00 til 01:00 og um helgar þarf að nota lykil.

NETÞJÓNUSTA

Við bókasafn í Laugarnesi eru tölvur tengdar veraldarvef, innri vef og netpósti.

INNRI VEFUR, VEFFÖNG OG UPPLÝSINGAR

Við innritun í LHÍ fá allir nemendur skólans úthlutað veffangi og lyklnúmeri til notkunar á innri vef skólans (MySchool). Um innri vef fer fram öll upplýsingamiðlun og skrásetning á starfsemi skólans. Þar geta nemendur nálgast upplýsingar um námið, ásamt því að skoða einkunnir sínar og námsferil. Nauðsynlegt er að tileinka sér notkun hans og uppfæra allar persónulegar upplýsingar jafnðum. Öllum nemendum LHÍ ber að nota lhi-netfang sitt í samskiptum við skólann.

STARFSFÓLK OG KENNARAR

Deildarforseti:

Kristján Steingrímur Jónsson kristjan@lhi.is 520 2400

Viðtalstími mánudaga kl. 11:00-12:00 (bókun í tölvupósti)

Deildarfulltrúi:

Helga Pálína Brynjólfsdóttir helgapalina@lhi.is 520 2403

Prófessorar:

Anna Líndal alindal@lhi.is 520 2408

Viðtalstími mánudaga kl. 12:00-12:30 (bókun í tölvupósti)

Hulda Stefánsdóttir huldastefansdottir@lhi.is 520 2406

Viðtalstími fimtudaga kl. 12:30-13:30 (bókun í tölvupósti)

Katrín Sigurðardóttir katrins@lhi.is 520 2406

Viðtalstími samkvæmt samkomulagi (bókun í tölvupósti)

Ólafur Sveinn Gíslason olafur@lhi.is 520 2407

Viðtalstími þriðjudaga kl. 13:00-14:00 (bókun í tölvupósti)

Fagstjóri í listfræðum:

Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir hannagudlaug@lhi.is

Viðtalstími miðvikudaga kl. 12:00-13:00 (bókun í tölvupósti)

Sigrún Sigurðardóttir (til 31. okt 2008) sigruns@lhi.is

Ljósmynda- og myndvinnsluver:

Eric Wolf eric@lhi.is 520 2413 / 6590026

Smiðaverkstæði:

Gulleik Lövskar gulleik@lhi.is 690 2419

Prentverkstæði:

Jóhann L. Torfason joi@lhi.is 520 2415 / 864 9822

Videó- og hljóðver:

Sigrún Harðardóttir sigrunhardar@lhi.is 520 2412 / 856 5476

Þjónustufulltrúi:

Lisa Guðjónsdóttir: lisa@lhi.is 520 2400 Fax: 520 2409

Tölvuþjónusta:

Ágúst Loftsson agust@lhi.is 520 2404 / 899 9081

Bókasafn í Laugarnesi:

Huginn Þór Arason huginn@lhi.is 520 2402

Riina Pauliina Finnsdóttir riina@lhi.is 520 2402

Mötuneyti í Laugarnesi:

Soffía Óskarsdóttir 520 2414

Alþjóðasamskipti:

Alma Ragnarsdóttir alma@lhi.is 545 2205 / 864 5822

Námsráðgjafi og trúnaðarmaður nemenda:

Ingibjörg Kristinsdóttir ingibjorgk@lhi.is 5452229

Stundakennarar:

Anna Hallin berghall@simnet.is
Anna Jóhannsdóttir annajoa@simnet.is
Auður Ólafsdóttir auo@hi.is
Björn Roth bjornroth@simnet.is
Brynhildur Þorgeirsdóttir brynhildurth@isl.is
Davíð Örn Halldórsson
Einar Garibaldi Eiríksson einar.garibaldi@lhi.is
Eiríkur Þorláksson eirthor@hi.is
Eirún Sigurðardóttir eirun@simnet.is
Erling Þór Valsson Klíngenberg erlingenius@this.is
Eygló Harðardóttir eyglo.hard@simnet.is
Finnur Arnar Arnarsson finnur@islandia.is
Guðný Rósa Ingimarsdóttir gudny.rosa@voo.be
Guðrún Einarsdóttir gudrun@geinars.com
Guðrún Gunnarsdóttir gudgunn@internet.is
Guðrún Eva Mínervudóttir
Gunnar J. Árnason gunnarj@lhi.is
Haraldur Jónsson comet@simnet.is
Helgi Gíslason vogasel@ismennt.is
Hekla Dögg Jónsdóttir hekla@this.is
Hjálmar Sveinsson hjalmars@ruv.is
Hlynur Helgason hlynur@bhs.is
Hrafnhildur Schram schram@islandia.is
Hrafnkell Sigurðsson einn@mi.is
Huginn Þór Arason huginn@lhi.is
Ingólfur Arnarsson ingolfur@lhi.is
Jeannette Castioni jeannettecast@gmail.com
Jón Óskar Hafsteinsson
Jón B K Ransu jbkransu@gmail.com
Kolbeinn Hugi Höskuldsson
Kristinn G Harðarson
Kristín Björk Kristjánsdóttir kirakira@sequences.is
Kristleifur Björnsson
Lára Marteinsdóttir larusmarinus@yahoo.com
Margrét Blöndal magab@mmedia.is
Ólöf Nordal olofnordal@simnet.is
Ósk Vilhjálmsdóttir
Ragna Sigurðardóttir
Sigurborg Stefánsdóttir sigurborgst@hotmail.com
Sigurður Árni Sigurðsson sasi@mi.is
Sigurjón B Hafsteinsson sbh@hi.is
Tinna Grétarsdóttir gudlaugi@hi.is
Úlfhildur Dagsdóttir varulfur@centrum.is
Þóra Þórisdóttir tora@hlemmur.is
Æsa Sigurjónsdóttir aesas@hi.is

Gestir og fyrirlesarar:

Áslaug Thorlacius

Börkur Arnarson

Christian Schoen

Guðmundur Oddur Magnússon

Hrafnhildur Arnardóttir

Ingirafn Steinarsson

Jyrki Siukonen

Knútur Bruun

Kristinn E Hrafnsson

Libia Pérez de Siles de Castro

Ólafur Ólafsson

Rakel McMahon

Shirin Neshat

Sólveig Aðalsteinsdóttir

Steinunn Helgadóttir

Surasi Kusolwong

Svala Ragnarsdóttir

Þorvaldur Þorsteinsson

Þóroddur Bjarnason

NÁMSKEIÐ 1. ÁRS HAUSTMISSERI 2008

LOTUR 1, 2 OG 3.

VINNUSTOFUR, VERKSTÆÐI OG LISTFRÆÐI

Á haustmisseri taka nemendur 1. árs þátt í fjölbreyttum námskeiðum sem ætlað er að kynna helstu grunnhugmyndir, hugtakanotkun og vinnuaðferðir í samtímamyndlist. Megintilgangur námskeiðanna er að veita nemendum innsýn á starfssvið, markmið og möguleika í námi innan myndlistardeildar, ásamt því að kynna fyrir þeim aðstöðu, vinnustofur og verkstæði skólans. Á meðan námskeiðin standa yfir fara fram fjölbreyttar kynningar, þar sem m.a. verður farið yfir námsmöguleika, þjónustu, almenna umgengni og öryggisatriði á verkstæðum skólans. Náminu er ætlað að vera vettvangur fyrir tilraunir, sköpun og umræðu út frá sjálfstæðri vinnu nemenda, ásamt því að tengja saman verklega og fræðilega þætti myndlistarstarfsins. Námskeiðunum er ætlað að hjálpa nemendum að skilgreina og ræða um helstu stefnur og hugtök í sjónlistum samtímans, ásamt því að staðsetja sig og velja sér stefnu er hæfir áhuga þeirra og væntingum með námi innan myndlistardeildar.

Til að kynnast starfi myndlistardeildar til fullnustu taka allir nemendur 1. árs þátt í stuttum kynningarnámskeiðum á verkstæðum skólans. Þar munu þeir fá kennslu og kynningu á þeim fjölbreyttu möguleikum er verkstæði skólans hafa upp á að bjóða til myndlistarsköpunar, ásamt því að læra helstu reglur er varða umgengni og öryggi í notkun á tækjum og verkfærum skólans. Megintilgangur námskeiðanna er að nemendur kynnist verkstæðum skólans, á sama tíma og þeir öðlist grundvallar verkþekkingu og færni, jafnt í notkun sem og umgengni á tækjum og aðstöðu á verkstæðum skólans. Námskeiðin eru nauðsynlegur grundvöllur til aðgangs að notkun verkstæðanna og að þeim loknum undirrita nemendur samning við skólann um notkun og aðgengi á verkstæðum.

Nám í myndlistardeild skiptist í 48 einingar í fræðigreinum (8 ein á önn eða 16 ein á ár) og 132 einingar í listsköpun og tækninámskeiðum (22 ein á önn eða 44 ein á ár). Skyldugreinar á fyrsta ári eru alþjóðleg samtímamyndlist frá 1970 (4 ein), sjónmenning samtímans (4 ein) og alþjóðleg nútímalistasaga 1870-1970 (8 ein).

VINNUSTOFUR

INN1001M INNGANGUR 2 ein

Lýsing: Á upphafsnámskeiðinu beinist athyglin að skólaumhverfinu, náminu, samnemendum og kennurum. Nemendur koma sér upp hentugri vinnuaðstöðu. Þeir kynna sig hver fyrir öðrum og greina frá áhuga sínum á myndlist. Námskrá deildarinnar verður kynnt ásamt helstu vinnuaðferðum og aðstöðu sem nemendum stendur til boða. Ýmsir gestir kynna aðferðir og viðhorf. Farið verður í heimsóknir til listamanna sem kynna list sína. Áhersla verður lögð á að nemendur kynnist sjálfum sér betur sem listamanni og tileikni sér þær vinnuaðferðir og lífstíl sem til þarf til að ná árangri. Það er að þeir sýni frumkvæði, vinni sjálfstætt, taki þátt í umræðum og sameiginlegri gagnrýni.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að hvetja nemendur til gagnrýnnar og skapandi hugsunar er leggi grunninn að áframhaldandi vinnu og framsetningu sjálfstæðra verkefna. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur kynnist skólaumhverfi og verkum og viðhorfum hvers annars.

Námsmat: Ástundun og þátttaka.

Umsjón: *Kristján Steingrímur Jónsson*

Timabil: 25.08.08–29.08.08.

LIR1013M LEIÐIR 7 ein

Lýsing: Námskeiðið er beint framhald af INN1001M. Unnið verður markvisst að skissugerð og hugmyndavinnu, þar sem nemendur velja sér tvíviða eða þrívíða áherslu sem útgangspunkt sjálfstæðra verkefna. Kynntar verða margvíslegar að-

ferðir til að auka og þroska myndmál og hugmyndaforða. Vinnan miðast við að nemendur geti notað afraksturinn til áframhaldandi verkefna. Áfram verður fjallað um listamenn og stefnur í umræðuhópum, ásamt því að farið verður í heimsóknir á vinnustofur og sýningar.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að hvetja nemendur til gagnrýnnar og skapandi hugsunar er leggi grunninn að áframhaldandi vinnu og framsetningu sjálfstæðra verkefna. Sérstök áhersla er lögð á opnar umræður og opinskáa gagnrýni á framvindu verkefna.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennarar: Jón B K Ransú og Eirún Sigurðardóttir

Tímabil: 01.09.08–03.10.08.

SVI9003M SJÁLFSTÆÐ VINNA 7 ein

Lýsing: Nám við myndlistardeild er að stórum hluta einstaklingsmiðað og gerir kröfur um að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð til listskópunar. Allir nemendur eru skráðir hjá prófessor sem hefur yfirumsjón með námsframvindu þeirra. Á námskeiðinu hafa nemendur frjálst val um viðfangsefni og aðferðir. Það er rökrétt framhald fyrri námskeiða þar sem þeir vinna úr skissum sínum og hugmyndasarpri. Áhersla er lögð á að nemendur stundi sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Þeir fá persónulega ráðgjöf við framkvæmd og úrlausn sinna verkefna hjá viðkomandi prófessor. Í lok námskeiðsins munu nemendur halda sameiginlega sýningu þar sem fram fer opin umræða og gagnrýni á afrakstur einstakra verkefna.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda og styrkja fagleg samskipti nemenda við prófessora deildarinnar.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennarar: Prófessorar myndlistardeild og NN

Tímabil: 10.11.08 – 12.12.08.

VERKSTÆÐI

VSM8003M VERKSTÆÐI 6 ein

Lýsing: Til að kynnast verkstæðum skólans í Laugarnesi taka nemendur þátt í fjögurra vikna námskeiði sem skiptist niður á verkstæðin fjögur, eða sem nemur allt að 20 stundum á hvert verkstæði. Nemendur fá kennslu og kynningu á þeim fjölbreyttu möguleikum sem verkstæðin hafa upp á að bjóða til myndlistarskópunar ásamt því að læra helstu reglur varðandi umgengni og öryggismál. Að námskeiðinu loknu er gerður samningur milli nemenda og skólans sem veitir nemendum rétt til sjálfstæðrar vinnu á verkstæðunum.

Markmið: Megintilgangur námskeiðsins er að nemendur kynnist verkstæðunum og umsjónarmönnum þeirra, á sama tíma og þeir öðlast grundvallarþekkingu og færni í meðhöndlun efna og áhalda.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil

Kennari: Eric Wolf, Gulleik Lövskar, Jóhann L. Torfason og Sigrún Harðardóttir.

Tímabil: 06.10.08.-31.10.08

LISTFRÆÐI

LIS1322M ALPJÓÐLEG SAMTÍMAMYNDLIST FRÁ 1970 4 ein

Lýsing: Fjallað verður um þróun alþjóðlegrar samtímamyndlistar frá árinu 1970 til okkar tíma. Leitast verður við að varpa ljósi á framvindu þessa tímabils, helstu stefnur, hreyfingar, einstaklinga og hugmyndir sem einkennt hafa tímabilið. Þá er lögð áhersla á að kynna þá nýju miðla og aðferðir sem fram komu á þessum tíma; s.s. umhverfislist hvers konar og innstallsjónir; gjörninga og uppákomur; op- og hreyfilist; skjá- og myndbandalist; iðnaðar- og gerviefni; hugmyndlist og ljósmyndlist. Einnig er reynt að bregða ljósi á bakgrunn listþróunar tímabilsins, stjórnmálalegan, efnahagslegan og samfélagslegan. Loks verður reynt að meta tímabilið í ljósi fyrri þróunar og séríslenskrar þróunar. Reynt verður að sækja heim erlendar sýningar á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu á helstu stefnum, hreyfingum og listamönnum sem voru áberandi á tímabilinu. Ennfremur að nemendur öðlist bæði skilning á mikilvægi hinna nýju miðla sem fram komu og hinum samfélagslega og pólitíska bakgrunni sem skipar stóran sess síðustu 4 áratugi í samtímamyndlist.

Námsmat: Ritgerð sem gildir 60% og skriflegt próf sem gildir 40%.

Kennari: Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir

Tímabil: 20.10.08-07.02.08 Kennit þriðjudaga og fimmtudaga kl 13:15-15:00, stofu 024 Laugarnesi

LIS3302M SJÓNMENNING SAMTÍMANS 4 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um sjónmenningu samtímans út frá forsendum sjónmenningarfræða. Lögð er áhersla á að skoða sjónrænt umhverfi og samfélagslegan bakgrunn lista, óháð spurningum um fagurfræði og listræn gæði, líkt og listfræðin fæst við. Fjallað verður um mikilvægi sjónrænna þátta í fjölda- og afþreyingarmenningu og um hið almenna og dæmigerða í ólíkum miðlum, í kvikmyndum, myndlist, auglýsingum, sjónrænni umgjörð pop-tónlistar og borgarumhverfi. Markmið : Að gefa nemendum yfirlit yfir svið sjónmenningarfræða og innsýn inn í helstu viðfangsefni og kenningar þessarar fræðigreinar.

Námsmat: Þátttaka á fyrirlestrum (15%), gögn hópumræðu (35%), ritgerðarverkefni (50%).

Kennari: Hlynur Helgason

Tímabil: 01.09.08.-14.11.08 Kenni í LHÍ fimmtudaga kl 15:15-17:00

NÁMSKEIÐ 2. ÁRS - HAUSTMISSERI 2008

LOTUR 1, 2 OG 3.

VINNUSTOFUR OG LISTFRÆÐI

Á haustmisseri taka nemendur 2. árs þátt í fjölbreyttum vinnustofum og námskeiðum, þar sem þeim gefst kostur á að móta sér sjálfstæðan og persónulegan námsferil, er hentar áhugasviði þeirra og væntingum. Í vinnustofunum eru tekin fyrir margs konar verkefni er tengjast listsköpun; s.s. hugmyndavinna, rannsóknir, sköpun, umræða, aðferðir, tækni, sjálfstæð vinna o.þ.h. Nemendum ber að velja sér eina vinnustofu fyrir hvert kennslutímabil og eru þær hugsaðar sem vettvangur fyrir sjálfstæða vinnu nemenda undir handleiðslu ólíkra listamanna og sérfræðinga. Námskeiðin eru hugsuð sem vettvangur fyrir 2. árs nemendur til að dýpka og auðga þekkingu sína á völdu sérsviði yfir lengra tímabil. Í upphafi haustmisseris er gengið er út frá þremur hugtökum sem ætlað er að fanga megináherslur í myndlist samtímans. Nemendur vinna að mestu leyti sjálfstætt að sínum verkefnum undir leiðsögn prófessors og listamanna. Á tímabilinu mun fara fram regluleg gagnrýni og umræða um framvindu verkefna, auk þess sem boðið verður upp á stuttar kynningar og námskeið er tengjast viðfangsefnum hvernar vinnustofu. Við lok námskeiðsins verður haldin sameiginleg sýning á verkum nemenda, þar sem opin umræða og gagnrýni verður í brennidepli. Þá er einnig ætlast til að nemendur leggi fram uppfærða ferilmöppu.

Nám í myndlistardeild skiptist í 48 einingar í fræðigreinum (8 ein á önn eða 16 ein á ári) og 132 einingar í listsköpun og tækninámskeiðum (22 ein á önn eða 44 ein á ári). Á öðru ári er námskeiðið íslensk myndlist 1870-1970 (8 ein) skyldugrein. Á vorönn skulu velja nemendur sér fræðigreinar sem jafngilda 8 ein.

2. árs nemar velja eina eftirfarandi þriggja 10-vikna vinnustofa:

FLÖ1007M FLÖTUR: VINNUSTOFA 14 ein

Lýsing: Námskeiðið er hugsað sem tilraunastofa í gerð tvíviðra myndverka, þar sem nemendur eru hvattir til að gera tilraunir með ólík efnistök, viðhorf og aðferðir. Á tímabilinu gefst nemendum rými til sjálfstæðra vinnubragða og persónulegrar dýpkunar sinna verkefna, undir leiðsögn umsjónarmanns og gestalistamanna. Megináhersla verður lögð á að kanna möguleika og mörk málverksins í hugmynda- og efnisfræðilegu tilliti. Á tímabilinu verða reglulegar kynningar, gagnrýni og umræður um framgang einstakra verkefna. Námskeiðinu lýkur með sameiginlegri sýningu og yfirferð nemenda 2. árs.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að kynna nemendur fyrir fjölbreytilegum möguleikum í gerð myndverka, ásamt því að efla gagnrýna vitund og skilning á virkni listaverksins í nútímasamhengi. Áhersla er lögð á að nemendur þrói eigin hugmyndir, vinni úr þeim og finni þá framsetningu er þeim hentar.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Umsjón: Hulda Stefánsdóttir

Kennarar: Jeannette Castioni, Jóhann L. Torfason, Gulleik Lövskar

Tímabil: 25.08.08–31.10.08.

RÝM2007M RÝMI: VINNUSTOFA 14 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður unnið að gerð þrívíðra myndverka í víðasta skilningi þess orðs. Auk hinnar hefðbundnu birtingarmyndar höggmyndarinnar verður m.a. fjallað um innsetningar, list í almannarými og tilraunir með virkjun félagslegra athafna. Síðustu áratugir hafa fært okkur margskonar samruna listgreina og rækileg endurskoðun eldri listhugtaka hefur átt sér stað. Þessi þróun og núverandi margbreytileiki verður tekinn til umfjöllunar.

Á síðari hluta námskeiðsins verður lögð áhersla á sjálfstæða listsköpun, þar sem fram fara reglulegar kynningar, gagnrýni og umræður um framgang einstakra verkefna. Námskeiðinu lýkur með sameiginlegri sýningu og yfirferð nemenda 2. árs. Markmið: Námskeiðinu er ætlað að kynna nemendur fyrir fjölbreytilegum möguleikum í gerð myndverka, ásamt því að efla gagnrýna vitund og skilning á virkni listaverksins í nútímasamhengi. Áhersla er lögð á að nemendur þrói eigin hugmyndir, vinni úr þeim og finni þá framsetningu er þeim hentar.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Umsjón: Ólafur Sveinn Gíslason

Kennarar: Katrín Sigurðardóttir, Gulleik Lövskar, Kristinn G Harðarson, Ósk Vilhjálmsdóttir

Tímabil: 25.08.08–31.10.08.

TIM2007M TÍMI: VINNUSTOFA 14 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður unnið að gerð vídeó- og skjáverka. Unnið verður jafnhliða að hugmyndalegum og tæknilegum útfærslum. Nemendur verða aðstoðaðir við að tileinka sér þá aðferðafræði og tækni sem þarf til að fullgera verk í þessum miðli. Saga miðilsins og margbrotnir möguleikar hans verða skoðaðir, áhersla er lögð á sjálfstæða og persónulega nálgun við gerð myndverka.

Á tímabilinu verður kennd notkun helstu mynd- og hljóðvinnsluforrita, sýnt hvernig stjórna má atburðarrás með klippingu og kynntir ýmsir möguleikar og aðferðir við gerð og uppsetningu gagnvirkra og abstract vídeóverka. Námskeiðinu lýkur með sameiginlegri sýningu og yfirferð nemenda 2. árs.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að gera nemendur tæknilega sjálfstæða í gerð vídeó- og skjáverka. Að þeir kynnist breidd miðilsins og efla með sér gagnrýna vitund og skilning á myndlist í nútímasamfélagi.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Umsjón: Lára Marteinsdóttir

Kennarar: Sigrún Harðardóttir, Eric Wolf,

Tímabil: 25.08.08–31.10.08.

2. árs nemar velja annað hvort ljósmyndun eða sjálfstæða vinnu á tímabilinu 10.11.08-12.12.08:

SAL7503M SKUGGAR AF LJÓSI 7 ein

Lýsing: Á undanförunum árum hefur ljósmyndin haslað sér völl sem eitt vinsælasta og öflugasta listformið. Tiltölulega stutt er þó síðan farið var að lita á ljósmyndina sem sjálfstæðan listmiðil og er námskeiðinu m.a. ætlað að rekja þá sögu, ásamt því að kynna nýjar jafnt sem sögulegar hugmyndir um ljósmyndina og samband hennar við listheiminn. Kynnt verða verk ýmissa listamanna er hafa sérhæft sig í notkun ljósmyndamiðilsins, ásamt því að ræða ýmis álitamál er varða inntak, eiginleika og virkni ljósmynda í nútíma samfélagi. Á tímabilinu vinna nemendur að sjálfstæðum verkefnum undir handleiðslu kennara, þar sem aðaláhersla verður lögð á ljósmyndina sem sjálfstæðan listmiðil. Leitast verður við að auka tæknilega þekkingu nemenda á ljósmyndataekninni, með sérstakri áherslu á stafræna möguleika miðilsins.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum innsýn í fjölbreytta list- og fræðiumræðu um ljósmyndir, ásamt því að veita þeim grunnþekkingu, færni og getu til sjálfstæðrar notkunar stafrænnar myndvinnslu, tölvu- og ljósmyndataekni.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil

Kennarar: Hrafnkell Sigurðsson, Eric Wolf

Tímabil: 10.11.08–12.12.08.

SVI3103M SJÁLFSTÆÐ VINNA 7 ein

Lýsing: Nemandi vinnur sjálfstætt að eigin verkefni í samráði við prófessor. Til grundvallar verkefninu skal prófessor samþykka áætlun sem nemandi leggur fram. Áætlunin skal lögð fram eigi síðar en viku fyrir upphaf námskeiðsins og í henni skal koma fram inntak, umfang og tímaáætlun verkefnisins. Á tímabilinu hittir nemandi prófessor sinn með reglulegu millibili, auk þess að skrá sig í tvö viðtöl um verk sín.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að hjálpa nemendum við að skilgreina, móta og starfa að eigin listsköpun með sjálfstæðum og ábyrgum hætti.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennarar: Hekla Dögg Jónsdóttir og prófessorar

Tímabil: 10.11.08–12.12.08.

LIS0304M ÍSLENSK MYNDLIST 1870-1970 8 ein

Lýsing: Saga íslenskrar myndlistar frá 1870 til 1970. Fjallað er um upphaf íslenskrar nútímamyndlistar, einstaka myndlistarmenn og móttandi öfl í íslensku myndlistarlífi, áhrif erlendra listhugmynda og stefna, tilraunir til að skilgreina „þjóðlega“ íslenska myndlist, stuðning og áhrif yfirvalda á myndlistarþróun og togstreitu milli málsvara þjóðlegrar listar og óþjóðlegrar listar. Hugað er að landlægri spennu milli „tilfinningatjáningar“ annars vegar og „vitsmunalegrar“ framsetningar hins vegar og skoðað hvernig það birtist í myndlistinni. Þá er fjallað um innlenda listmenntun og meginéinkenni myndlistarumfjöllunar eins og hún birtist á hverjum tíma í dagblöðum og tímaritum. Leitast verður við að meta sérkenni íslenskrar myndlistar í samhengi við erlenda listþróun, en einnig í ljósi íslenskrar samfélagsþróunar og sögu.

Markmið: Að nemendur öðlist skilning á sérkennum og þróun íslenskrar nútímamyndlistarsögu frá lokum 19. aldar og fram á síðari hluta 20. aldar, m.a. í samhengi við hugmyndasögu, íslenska samfélagsþróun og áhrif erlendra listhreyfinga.

Námsmat: Próf sem gildir 60% og verkefni sem gildir 40%.

Kennarar: *Hrafnhildur Schram* og *Æsa Sigurjónsdóttir*

Tímabil: 01.09.08-30.11.08. Kennt í HÍ, Árnagarði stofu 301, þriðjudaga og fimmtudaga kl 13:20-14:50.

NÁMSKEIÐ 3. ÁRS - HAUSTMISSERI 2008

VERKEFNI Á HAUSTMISSERI

Nemendur á 3. ári vinna sjálfstætt á vinnustofum sínum. Á haustmisseri skipta prófessorar með sér umsjón námskeiða, þar sem nemendur eiga þess kost að dýpka og auða listrænar rannsóknir á sínu áhugasviði. Verkefnavinna fer fram á vinnustofum þar sem regluleg umræða og gagnrýni mun eiga sér stað um einstök verkefni. Á tímabilinu kemur mikill fjöldi sjálfstætt starfandi lista- og fræðimanna til umræðna og umsjónar fjölbreytilegra verkefna er standa mismunandi lengi yfir. Í lok hverrar lotu er ætlast til að nemendur skili einu verki til sameiginlegar yfirferðar með prófessorum deildarinnar. Nemendur skulu taka 2 viðtöl í hverri 5 vikna lotu. Markmiðið er að nemendur temji sér sjálfstæð, öguð og markviss vinnubrögð í sínu listræna starfi. Nemendur uppfæra ferilmöppu sína reglulega og skila einu eintaki í lok vorannar. Það eintak er varðveitt á bókasafni deildarinnar.

Auk sjálfstæðrar vinnu á heimasvæðum sínum taka nemendur 3. árs þátt í málstofu, þar sem fram fara fjölbreyttir fyrirlestrar, kynningar og umræður, þar sem prófessorar myndlistardeilda skipta með sér að leiða nemendur inn í fjölbætta heim samtímamyndlistar.

Á haustmisseri ber nemendum að hefja forvinnu lokaritgerðar og skrifa 3ja bls. greinargerð um eitt þeirra verka sem þeir unnu á námskeiði á haustmisseri 2008. Greinargerðinni á að skila á skrifstofu skólans fyrir 10. nóvember og fyrsta uppkasti að lokaritgerð skal skila 8. desember 2008.

Nám í myndlistardeild skiptist í 48 einingar í fræðigreinum (8 ein á önn eða 16 ein á ári) og 132 einingar í listsköpun og tækninámskeiðum (22 ein á önn eða 44 ein á ári). Á þriðja ári velja nemendur sér fræðigreinar, a.m.k. 12 ein, fyrir utan lokaritgerðina (4 ein), sem telst til fræðigreina.

LOTUR 1, 2 OG 3.

MÁLSTOFA

MAS3301M MÁLSTOFA 3. ÁRS 1 ein

Lýsing: Auk sjálfstæðrar vinnu á heimasvæðum sínum taka nemendur 3. árs þátt í málstofu, þar sem fram fara fjölbreyttir fyrirlestrar, kynningar og umræður, þar sem prófessorar myndlistardeilda skipta með sér að leiða nemendur inn í fjölbætta heim samtímamyndlistar. Námskeiðinu er ætlað að vera vettvangur fyrir margsháttar kynningu og umræðu, þar sem rýnt verður í tíðaranda og bakgrunn jafnt sem ólíka miðla og aðferðir.

Markmið: Tilgangur námskeiðsins er að efla vitund og virkja þekkingu nemenda í umræðunni um samtímamyndlist.

Námsmat: Ástundun og þátttaka.

Umsjón: *Prófessorar myndlistardeilda.*

Tímabil: 25.08.08-12.12.08

HTL9103M HLOTVERK OG TÚLKUN Í MYNDLIST 7 ein

Lýsing: Á námskeiðinu munu nemendur vinna sjálfstætt að eigin verkefnum. Á tímabilinu koma gestir í heimsókn og bjóða uppá einstaklingsviðtöl við nemendur. Áhersla er lögð á að nemendur komi sér upp hentugri vinnuáætlun fyrir veturinn og uppfæri ferilmöppu sína. Á sama tíma og nemendur sinna listrænum rannsóknum, tækni og verkþekkingu er námskeiðið hugsað sem vettvangur til skoðanaskipta og hugmyndaflæði um inntak, hlutverk og mismunandi efnistöð í myndlist. Í lok tímabilsins skulu nemendur skila einu fullkláruðu verki til umræðu og sameiginlegrar yfirferðar.

Markmið: Tilgangur námskeiðsins er að virkja meðvitund nemenda um eigið viðfangsefni. Að efla sjálfstæða myndhugsun sem tengir saman verklega og fræðilega þekkingu nemandans.

Námsmat: Fullmótað verk, uppfærð ferilmappa, virkni og þátttaka í umræðum.

Umsjón: *Anna Lindal*

Kennarar: *Erling Klingenberg o.fl.*

Tímabil: 25.08.08–26.09.08

AOV9103M AÐFERÐIR OG VINNUFERLI 7 ein

Lýsing: Á námskeiðinu munu nemendur vinna sjálfstætt að eigin verkefnum, á tímabilinu koma prófessorar og gestalistamenn með reglulegu millibili til umræðu og gagnrýni verkefna. Nemendum ber að fara í 2 viðtöl um verkefni sín við listamenn á tímabilinu. Jafnframt er hverjum nemanda skylt að ræða verkefni sín við prófessor, ásamt hópnum. Vinnuferli nemandans og hugmyndalegar nálgunarleiðir verða skoðaðar og settar í sögulegt og samtímalegt samhengi. Námskeiðið er hugsað sem vettvangur til skoðanaskipta og gagnrýni á sama tíma og boðið verður til umræðu um stöðu samtíma-myndlistar. Í lok tímabilsins skulu nemendur skila einu fullkláruðu verki til umræði og sameiginlegrar yfirferðar.

Markmið: Tilgangur námskeiðsins er að tengja saman verklega og fræðilega þekkingu nemenda, m.a. til að hjálpa þeim að setja viðfangsefni sín í samhengi við hugmyndalegar rætur samtíma-myndlistar.

Námsmat: Fullmótað verk, virkni og þátttaka í umræðum.

Umsjón: *Ólafur S Gíslason*

Kennarar: *Katrín Sigurðardóttir, Einar Garibaldi Eiríksson, Kristinn G Harðarson, Finnur Arnar Arnason*

Tímabil: 29.09.08–31.10.08

HON9103M AÐ SÝNA OG SEGJA 7 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður tekist á við sköpunarferlið og sjónum beint að textaskrifum nemenda í tengslum við eigin verk. Nemendur vinna sjálfstætt að eigin verkefnum en efnit verður til sameiginlegra umræðna um framgang verkefna auk þess sem nemendur eiga reglulega viðtöl við prófessor og gestalistamenn námskeiðsins. Á námskeiðinu verður leitast við að skilgreina drifkraftinn á bak við verkin, og rýnt í vinnuferli og þróun viðfangsefna nemandans. Skoðuð verða textaskrif ýmissa listamanna og nemendum kynntar ólíkar leiðir að skrifum um eigin verk. Á sama tíma og nemendur sinna listrænum rannsóknum, tækni og verkþekkingu er námskeiðið hugsað sem vettvangur til skoðanaskipta og hugmyndaflæði um inntak, merkingu og mismunandi efnistöð í myndlist. Í lok tímabilsins skulu nemendur hafa tekið 2 einstaklingsviðtöl og skilað einu fullkláruðu verki til umræðu og sameiginlegrar yfirferðar auk texta sem tengist eigin myndsköpun.

Markmið: Tilgangur námskeiðsins er að virkja meðvitund nemenda um eigið viðfangsefni. Að skoða mismunandi aðferðir við að nálgast texta og tengja inn í vinnuferli myndsköpunar. Að efla sjálfstæða myndhugsun sem tengir saman verklega og fræðilega þekkingu nemandans.

Námsmat: Fullmótað verk, virkni og þátttaka í umræðum.

Umsjón: *Hulda Stefánsdóttir*

Kennarar: *Guðrún Eva Mínervudóttir, Haraldur Jónsson, Kristleifur Björnsson, Finnur Arnar Arnason*

Tímabil: 10.11.08–12.12.08

BAM5202M GREINARGERÐ OG UPPHAF LOKARITGERÐAR 0 ein

Lýsing: Sem hluta lokaritgerðar (BAM5202M) til B.A.-gráðu, ber nemendum að skrifa 3ja bls. greinargerð um eitt þeirra verka sem þeir unnu á námskeiði á haustmíssi 2008. Markmið með ritun greinargerðar er að undirbúa nemendur fyrir ritun lokaritgerðar. Greinargerðinni á að skila á skrifstofu deildarinnar fyrir 10. nóvember 2008.

Frestur til að skila fyrsta uppkasti að ritgerð er 8. des. 2008 og öðru uppkasti skal skila 12. janúar 2009.

Umsjón: *Sigrún Sigurðardóttir og Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir*

Tímabil: 08.10.08–12.12.08

LIS4502M HEIMSPEKI LISTARINNAR 4 ein

Lýsing: Farið verður yfir ýmis grunnhugtök listfræðinnar, svo sem list, fegurð, smekkur og listrænt gildismat, og þær breytingar sem orðið hafa á skilningi Vesturlandabúa á þeim frá fornöld til nútíma. Farið verður yfir helstu kenningar um list í nútímanum. Skoðuð verða þau álitamáli sem varða listfræði samtímans og hvernig nútímalist hefur reynt að hafa áhrif á skilning okkar á þeim.

Markmið: Að nemandinn þekki grunnhugtök listheimspeki, kynnist helstu kenningum um list í nútímanum og skilji sambandið á milli listkenninga og þróunar nútímalistar.

Námsmat: Verkefni í tímum 40%, ritgerð 60%.

Kennari: Gunnar J. Árnason

Tímabil: 01.09.08-14.11.08. Kennt í LHÍ Laugarnesi st 024, mánudaga kl 16:15-18:00

LIS8202M HEIMUR SJÓNARSPILSINS 4 ein

Lýsing: Fjallað verður um heimspekilegar og listfræðilegar kenningar um að við lifum í heimi sjónarspils. Þær kenningar má m.a. rekja aftur til hinnar frægu helliskenningar Platóns. Í námskeiðinu verður farið nákvæmlega í helliskeninguna, firingarkenning Frankfurtarskólans verður rædd, en einkum þó kenningar Situationismans um samfélag sjónarspilsins. Kenningar Susan Sontag um áhrif ljósmynda á einstaklinga og samfélög og kenningar póstmóðernistans Jean Baudrillard um eyðimörk veruleikans verða einnig skoðuð. Áhersla verður lögð á að ræða hlutverk og hlutskipti myndlistar (og hönnunar og jafnvel arkitektúrs) í samfélagi sjónarspilsins.

Markmið: Að nemendur þekki nokkrar grundvallarkenningar um heiminn sem sjónarspil og geri sér jafnframt grein fyrir þverstæðum í umræðunni.

Námsmat: Þátttaka í vinnuhópi sem heldur kynningu: 30%, lokaverkefni: 60%, mæting: 10%

Kennari: Hjálmar Sveinsson

Tímabil: 01.09.08-15.10.08. Kennt í stofu 024 Laugarnesi mánudaga kl 14:15-16:00 og miðvikudaga kl 15:15-17:00

LIS8102M SÚRREALISMI Á 20. OG 21. ÖLD 4 ein

Lýsing: Súrrealisminn var ein frjóstasta og alþjóðlegasta liststefna 20. aldar. Súrrealísk aðferðarfræði býður enn upp á óþrjúgandi víðfangsefni og er uppspretta nýrra verka. Á námskeiðinu verður fjallað um hugmyndafræðilegan uppruna súrrealismans og margvísleg birtingarform hans í ólíkum miðlum; málverk, klippimyndum, bókverkum, ljósmyndum, og kvikmyndum á 20. og 21. öld. Áhersla verður lögð á mynddæmi frá Frakklandi, Belgíu, Mexíkó og Norðurlöndum og rætt hvaða áhrif súrrealisminn hafi haft á nýja kynslóð íslenskra listamanna.

Markmið: Að nemendur kynnist inntaki súrrealismans frá 1924 og 1928, læri að greina myndmál hans, helstu hugmyndir og læri að þekkja skilgreiningar sálfræðilegra hugtaka hreyfingarinnar. Nemendur eiga að geta gert greinarmun á sögu- legum súrrealisma og ný-súrrealisma og geta tengt sögulegan þátt við ný birtingarform í myndlist samtímans.

Námsmat: Verkefni 40 % verkefni og próf 60 %.

Kennari: Aesa Sigurjónsdóttir

Tímabil: 20.10.08.-04.12.08 Kennt í stofu 024 í Laugarnesi mánudaga kl 14:15-16:00 og miðvikudaga kl 15:15-17:00.

LIS8902M FAGURFRÆÐI SAMFÉLAGA 4 ein

Lýsing: Fjallað verður um list í félags-, pólitísku- og efnahagslegu samhengi í hnattvæddum heimi. Hlutverk listar er skoðað í margvíslegu samhengi, t.d. í sjálfsmyndarsköpun, ferðaiðnaði, menningarpólitik, stjórnmislu og töfrum. Í námskeiðinu verður sjónum beint að tengslum listaverka, höfunda og neytenda í einka- (private) og almennings (public) rými. FAGURFRÆÐI ólíkra samfélaga er skoðuð frá sjónarhóli mannræðinnar, allt frá list frumbyggja til samtímalistar Vesturlanda.

Markmið:

Námsmat: Próf og 2 verkefni, hvert um sig gildir einn þriðji af lokaeinkunum.

Kennari: Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Tinna Grétarsdóttir

Tímabil: 01.09.08.-14.11.08 Kennt í stofu 024 Laugarnesi föstudaga kl 13:15-15:00.

LIS8302M LIST-NÝMIÐLAR-SAMFÉLAG 4 ein

Lýsing: Síðastliðin 170 ár hafa fjölföldunarmiðlar í siauknum mæli haft áhrif á samfélag manna, umhverfi og hugmyndir. Ljósmyndir, kvikmyndir, tónlist, prentbirtingarefni, og sýndarheimar eru afgerandi hluti veruleikans og áhrif þeirra á einstaklinginn eru mikil. Heimspekingar og listamenn hafa reynt að skoða og skilgreina hvernig miðlar hafa áhrif á fólk; annarsvegar til að skilja eðli miðlanna og áhrif; hinsvegar til að reyna að nýta sér nýja miðla til að hafa áhrif. Námskeiðið

þykir þessu; skoðar tilraunir listanna til að nýta sér nýmiðla og skoðar hugmyndir heimspekinga um eðli þeirra á sama tíma með listina til hliðsjónar.

Markmið: Að nemandi í lok námskeiðs: þekki heimspekilega umfjöllun um áhrif fjölföldunarmiðla í samfélagi nútímans, geti greint áhrifamátt ljósmyndamiðilsins, geti greint áhrifamátt kvikmyndunar sem miðils, geti greint áhrif samtímatónlistar, geti greint áhrif prentefnis og birtingar þess, geti greint áhrif og möguleika þróunar í sýndarheiminum, geti fjallað á gagnrýninn hátt um fjölföldunarmiðla í samhengi við samfélagið, geti í riti rætt á rökstuddan hátt um áhrif fjölföldunarmiðla og hafi tekið á virkan hátt í umræðu um fræðileg álitamál í tengslum við fjölföldunarmiðla.

Námsmat: Þátttaka í fyrirlestrum (15%), gögn hópumræðu (35%), ritgerð (50%).

Kennari: Hlynur Helgason

Tímabil: 01.09.08.-14.11.08 Kennit í stofu 024 Laugarnes þriðjudaga kl 15:15-17:00.

LIS1504M **ALPJÓÐLEG LISTASAGA FYRRI TÍMA** 8 ein

Lýsing: Farið er yfir helstu stiltímabil listasögu Vesturlanda frá miðöldum og til loka 19. aldar. Námskeiðið spannar tímabil trúarlegar kirkjulistar miðalda (10.-13./14. öld), endurreisn (15. og 16. öld) barokk (17. öld), rókókó (18. öld), ný-klassísk (lok 18. aldar), rómantik (19. öld), raunsæisstefnu (19. öld), impressjónisma og symbólisma.

Fjallað verður um málaraust, höggmyndalist, byggingarlist, svartlist (grafík), vefnað, steinda glugga og ljósmyndir. Leitast verður við að skoða að hvaða leyti listin speglar samfélagið, hvernig myndmál speglar lífssýn og heimsmynd manna á ólíkum tímabilum. Fjallað er um breytilegt inntak tíma og rýmis á hverjum tíma, breytingar á táknrænni mynd líkama, um stöðu og samfélagshlutverk listanna, hvernig valdhafar nota list, o.fl.

Markmið: Að nemendur öðlist skilning á sögu listarinnar í Evrópu og tengslum hennar við hugmyndafræði og samfélagsþróun á hverjum tíma. Einnig að þeir öðlist þekkingu á táknmyndum (trúarlegum og öðrum) myndlistar meðal annars til að geta skilið notkun þeirra í samtímalist.

Námsmat: Skriflegt próf úr kennslubók og (minni) ritgerð.

Kennari: Eiríkur Portákksson

Tímabil: 01.09.08–30.10.08. Kennit í HÍ, miðv. kl 13:10-14:55 og fim. kl 10:50-12:40.

OPNIR FYRIRLESTRAR MYNDLISTARDEILDAR

Á hverju ári heldur fjöldi lista- og fræðimanna ögrandi, áhugaverð og fróðleg erindi eða kynningar um verk sín og hugmyndir. Fyrirlestrunum er ætlað að kynna og hvetja til umræðu um margþætt álitamál úr heimi lista og samtímamennningar. Fyrirlestrararnir eru afar mikilvægur þáttur í upplýsingastarfi skólans, ásamt því að vera opinn vettvangur fyrir tengsl nemenda við hugmynda- og reynsluheim starfandi lista- og fræðimanna. Reglulegir fyrirlestrar fara fram í hádeginu á mánudögum í Laugarnesi og eru opnir almenningi.

Þessir fyrirlestrar verða nánar kynntir á heimasíðu og innra vef skólans. Fyrirlestrararnir eru einingabærir og eru nemendur sérstaklega hvattir til að stunda þá. 10 fyrirlestrar gefa 1 einingu.

HÁD0000M **HÁDEGISFYRIRLESTRAR** 1 ein

Lýsing: Fjöldi lista- og fræðimanna heldur ögrandi, áhugaverð og fróðleg erindi eða kynningar um verk sín og hugmyndir. Fyrirlestrararnir eru afar mikilvægur þáttur í upplýsingastarfi skólans, ásamt því að vera opinn vettvangur fyrir tengsl nemenda við hugmynda- og reynsluheim starfandi lista- og fræðimanna.

Markmið: Fyrirlestrunum er ætlað að kynna og hvetja til umræðu um margþætt álitamál úr heimi lista og samtímamennningar.

Námsmat: Ástundun.

Kennarar: Ýmsir lista- og fræðimenn.

Tímabil: Haustið 2008.

FLEYGAR: VALNÁMSKEIÐ HAUST 2008

SUV8001M **SUÐSUÐVESTUR** 2 ein

Lýsing: Námskeið um samtíma myndlist, viðfangsefnið er Suðurnesin og myndlistarsýning í Suðsuðvestur. Suðsuðvestur er sýningarstaður og vettvangur fyrir myndlistarólk sem vinnur að listsköpun á rannsakandi hátt. Listamenn sem útfæra hugmyndir sínar í mismunandi miðla og velja upp spurningar og umhugsun um samtímann. Suðurnesin verða sett undir smásjá. Verkefnið hefst með því að farið verður í vettvangsferð og sýningarstaðurinn Suðsuðvestur skoðaður. Síðan hefst

rannsóknarferli þar sem Suðurnesin verða skoðuð út frá mismunandi sjónarhornum. Hver og einn þátttakandi býr til sitt eigið rannsóknarferli samkvæmt þeirri hugmyndafræði og samhengi sem verkið kallar á. Þátttakendur setja fram ákveðnar spurningar og útiloka aðrar. Verkefnið byggist á mikilli samvinnu og frjóu einstaklingsframtaki.

Markmið: Markmið vinnustofunnar er að nota rannsakandi vinnuaðferðir, skoða hvernig hægt er að nota myndlist til að skilgreina eða afhjúpa ákveðin lífsgildi, myndlist sem samfélagsafl.

Námsmat: Sýning í Suðsuðvestur í Reykjanesbæ frá 5. sept til 5. okt 2008.

Umsjón: Anna Lindal

Tímabil: 15.08.08-05.10.08.

SAMD001T **SAMSPIL tónlist og myndlist 2 ein**

Lýsing: Í áfanganum verður unnið að gerð hljóðverka og tónlistar með samspili nemenda úr myndlistardeild og tónlistardeild. Hver tími hefst með innleggi eða fyrirlestri um þætti er varða sameiginlegan grunn myndlistar og tónlistar svo sem formgerð og fyrirmyndir. Fengnið verða leiðbeinendur úr röðum myndlistarmanna jafnt sem tónlistarmanna. Síðari hluta hvers tíma er síðan varið til tónsköpunar og samspils. Í lok námsstímans verða haldnir tónleikar með afrakstri námskeiðsins.

Markmið: Að nemendur kynnist samspili hljóðs og myndlistar bæði út frá tæknilegu og listrænu sjónarhorni.

Námsmat: Ástundun og verkefni.

Ætlað 3. árs nemum í myndlistardeild og nemum úr tónlistardeild.

Umsjón: Ingólfur Arnarsson

Tímabil: 15.10.08-17.11.08.

SSN0012M **GJÖRNINGAANNÁLL 4 ein**

Samstarfsverkefni við Nýlistasafnið um gjörningalist á Íslandi. Unnið er í nánum samskiptum og samstarfi við listamenn og stjórn Nýlistasafnsins. Nemendur námskeiðsins sjá um móttöku, flokkun og skráningu á heimildum um gjörningaverk. Söfnun heimildanna/verkanna felur í sér samtala/viðtal við tiltekna listamenn og heimsóknir á vinnustofur þeirra.

Markmið: Markmið námskeiðsins er að safna heimildum um gjörningaverk eftir íslenska listamenn og að nemendur öðlist reynslu af rannsóknarvinnu og heimildasöfnun og kynnist sögu gjörningalistar á Íslandi.

Námsmat: Vinnusemi og þátttaka í verkefninu.

Umsjón: Huginn Þór Arason

Tímabil: 13.10.08-12.12.08

NÁMSKEIÐ 1. ÁRS - VORMISSERI 2009

MÁLSTOFA

Á vormisseri ber nemendum 1. árs að taka þátt í málstofu prófessora, þar sem fram fara margsháttar kynningar, fyrirlestrar og umræður um myndlist í víðu samhengi. Námskeiðinu er ætlað að fjalla um myndlist í nútímasamhengi, ásamt því að varpa ljósi á tengsl verklegra og fræðilegra þátta myndlistarstarfsins.

MAS2701M **MÁLSTOFA 1. ÁRS 1 ein**

Lýsing: Á námskeiðinu fara fram fyrirlestrar, kynningar og umræður, þar sem prófessorar myndlistardeildar skipta með sér að leiða nemendur inn í fjölbætta heim samtíma myndlistar. Námskeiðið er hugsað sem vettvangur fyrir margsháttar kynningu og umræðu, þar sem rýnt verður í tíðaranda og bakgrunn jafnt sem ólíka miðla og aðferðir. Sérstök áhersla er lögð á að kynna listamenn, verk þeirra og hugmyndir, út frá fjölbreyttum viðhorfum í myndlistarumræðu samtímans.

Markmið: Megintilgangur námskeiðsins er að opna umræðuna um helstu strauma, stefnur og gerendur í myndlist samtímans, ásamt því að veita nemendum staðgöða grunnþekkingu á helstu hugmyndum, hugtakanotkun og kenningum sem stuðst er við í þeirri umræðu.

Námsmat: Ástundun og þátttaka.

Kennarar: Anna Lindal, Hulda Stefánsdóttir, Katrín Sigurðardóttir og Ólafur Sveinn Gíslason

Tímabil: 05.01.09 – 03.04.09. Fimmtudagar kl 13:00-15:00

LIS1104M ALPJÓÐLEG NÚTÍMALISTASAGA 1870—1970 8 ein

Lýsing: Farið verður í þróun myndlistar frá umbrotatímum módernismans á síðustu áratugum 19. aldar, í gegnum helstu framúr stefnuhreyfingar eða -isma 20.aldar fram til ársins 1970. Gerð verður grein fyrir helstu stefnumóðernískrar myndlistar, forsendum þeirra, sérkennum og mikilvægi fyrir síðari tíma. Fjallað verður um tengsl listar við pólitík, heimspéki og þjóðfélagsþróun og hugað að róttæku endurnati á fegurðarhugtakinu í listum á 20. öld. Hvernig skila breyttar hugmyndir um tíma og rými sér í listinni? Hvernig raska ofangreindar listastefnur venjubundinni skynjun manna á umhverfinu og raunveruleikanum. Hvað er „innri veruleiki“? Þarf myndlist að vera sýnileg? Hver er munur á myndmáli og tungumáli og annars veruleikanum? Reynt verður að fella alþjóðlegar sýningar sem hingað koma að námskeiðinu og verða þær sóttar heim í tengslum við það.

Markmið: Að gera nemendum grein fyrir forsendum og framvindu nútímalistar svo þeir skilji ástæður og eðli þeirrar umbyltingar sem varð á list tímabilsins og geti nýtt sér þá þekkingu til dýpkunar skilnings síns á hvers kyns myndlist; ekki hvað síst á samtímalist.

Námsmat 1) Próf. 2) Framsaga í formi kynningar í tíma um valið efni.

Kennari: Þóra Þórisdóttir

Tímabil: 05.01.08 - 03.04.09. Þriðjudaga og fimmtudaga kl 15:15-17:00, stofa 024 Laugarnesi.

NÁMSKEIÐ 1. OG 2. ÁRS - VORMISSERI 2009**LOTUR 4, 5 OG 6.****VINNUSTOFUR OG TÆKNINÁMSKEIÐ**

Á vormisseri taka nemendur 1. og 2. árs þátt í fjölbreyttum vinnustofum og verkstæðisnámskeiðum, þar sem þeim gefst kostur á að móta sér sjálfstæðan og persónulegan námsferil, er hentar áhugasviði þeirra og væntingum.

Vormisserið hefst á þriggja vikna löngum millideildanámskeiðum þar sem blandast saman nemendur úr ýmsum deildum skólans. Næstu tvær vikur á eftir eru tækninámskeið þar sem sjónum verður sérstaklega beint að ákveðinni tækni eða sérhæfðum aðferðum í myndlistarstarfinu. Í vinnustofunum eru tekin fyrir margs konar verkefni er tengjast listsköpun; s.s. hugmyndaavinna, rannsóknir, sköpun, umræða, aðferðir, tækni, sjálfstæð vinna o.þ.h.

Nemendum ber að velja sér eina vinnustofu fyrir hvert kennslutímabil og eru þær hugsaðar sem vettvangur fyrir sjálfstæða vinnu nemenda undir handleiðslu ólíkra listamanna og sérfræðinga.

Þeim nemendum 2. árs sem kjósa að sinna sérstökum eða ákveðnum verkefnum, stendur til boða að leggja fram sjálfstæða námsáætlun til prófessors í 5. og 6. lotu. Þennan möguleika er aðeins hægt að notfæra sér einu sinni og er háður samþykki viðkomandi prófessors.

LOTA 4. Tímabilið 5. jan - 23. jan 2009**MILLIDEILDANÁMSKEIÐ**

Lota 4 hefst með þriggja vikna löngu námskeiði, svokölluðu millideildanámskeiði.

MILLIDEILDANÁMSKEIÐ 4 ein

Lýsing: Sameiginlegt námskeið allra deilda Listaháskóla Íslands, þar sem nemendur starfa í hópum út frá ákveðinni hugmynd. Á tímabilinu fara fram ýmsar umræður og fyrirlestrar er tengjast námsefninu, þar sem leiðbeinendur hvers hóps leggja línurnar hvað varðar úrvinnslu og framsetningu verkefna.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Umsjón: Ragnheiður Skúladóttir

Kennarar: Ýmsir lista- og fræðimenn.

Tímabil: 05.01.09.-23.01.09

LOTA 4. Tímabilið 26. jan - 6. feb 2009

TÆKNINÁMSKEIÐ

Tveggja vikna löng tækninámskeið eru í lok lotunnar. Þau snerta margskonar sérhæfða tækni- og fagþekkingu á myndlistarsviði. Námskeiðin geta verið grunnur fyrir vinnustofurnar sem á eftir koma, ásamt frekari sérhæfingu innan verkstæða skólans.

TMA6401M TILRAUNASTOFA Í MÁLVERKI 3 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður farið yfir helstu grunnþætti undirbúningsvinnu og efnafræði í málverki. Litið verður til nokkurra birtingarmyndar málverksins að fornu og nýju og skoðaðar jafnt hefðbundnar sem leitandi aðferðir er varða efnistöð og hugmyndavinnu í málverki. Á meðan námskeiðið stendur yfir verða fjölbreytleg verkefni lögð fyrir nemendur, ásamt því sem haldnar verða reglulegar kynningar, málstofur og heimsóknir um málefnið.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að kynna fyrir nemendum grundvallar efna- og aðferðafræði í málverki, ásamt því að kanna möguleika ólíkra efna og aðferða við gerð tvívíðra myndverka.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennari: Guðrún Einarsdóttir

Tímabil: 26.01.09-06.02.09

MSM6401M MÁLMSMÍÐI 3 ein

Lýsing: Í upphafi námskeiðsins er farið yfir öryggisatriði og veitt leiðsögn í meðferð véla og umgengni á verkstæði. Kynntir verða ýmsir málmar og kennd grunnatriði í málmsmíði. Nemendur hafa frjálst val um viðfangsefni. Þeir kynna hugmyndir að myndverkum og efnisvali fyrir kennara og fá leiðsögn við útfærslu hugmynda sinna í málmar. Rætt verður um efnismeðferð tiltekinnar listamanna sem vinna verk sín í málma og miðillinn skoðaður í sögulegu samhengi.

Markmið: Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist grunnþekkingu á notkun málma til listsköpunar.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og 100% verkefnaskil.

Kennari: Helgi Gíslason

Tímabil: 26.01.09-06.02.09

PRE9401M BÓKVERK / SILKIPRENT 3 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður kennt silkiprent og ýmsar bókbandsaðferðir. Nemendur vinna hráefni í eitt sameiginlegt bókverk sem þeir fjölfalda og binda inn.

Markmið: Nemendur eiga í lok námskeiðs að geta unnið sjálfstætt og skilað af sér fullunna silkiprentuðu bókverki.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennari: Jóhann L. Torfason og Sigurborg Stefánsdóttir

Tímabil: 26.01.09-06.02.09

MÓT6401M MÓTUN 3 ein

Lýsing: Á námskeiðinu eru kynntir ýmsir möguleikar við gerð mótaðra myndverka. Kennd verða nokkur undirstöðuatriði í mótun, ásamt því að litið verður til mismunandi efna og aðferða við afsteypu og gerð þrívíðra myndverka. Nemendur vinna margskonar verkefni undir leiðsögn kennara, ásamt því sem haldnar verða reglulegar kynningar og umræður um málefnið.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að kynna fyrir nemendum grundvallar efna- og aðferðafræði í mótun, ásamt því að kanna möguleika ólíkra efna og aðferða við gerð þrívíðra myndverka.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennari: Brynhildur Þorgeirsdóttir

Tímabil: 26.01.09-06.02.09

TRS8401M TRÉSMÍÐI 3 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um fjölbreytta möguleika og aðferðir í notkun víðar. Kennd verða ýmis grundvallaratriði er varða skissutækni og undirbúning verka fyrir utanaðkomandi framkvæmdaraðila. Litið verður til ýmissa möguleika í byggingu, mótun og samsetningu þrívíðra myndlistarverka; jafnt til framsetningar sjálfstæðra verka, sem til tæknilegra úrlausna og innsetninga.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að kynna nemendum helstu grundvallaratriði í efnis- og aðferðafræði trésmíða, um leið og þeir öðlist skilning og öryggi í notkun ólíkra efna og aðferða og verði sjálfbjarga við undirbúning verka sem unnin eru í tré.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennari: *Gulleik Lövskar*

Tímabil: 26.01.09-06.02.09

VÍD7101M **BAGRUNNSMYNDIR FYRIR SÝNDARVERULEIKA** 3 ein

Lýsing: Gerð bakgrunnsmyndar fyrir sýndarveruleika: Matt Paint og animation. Á námskeiðinu verður kynnt vinnsluferli við gerð bakgrunnsmyndar sem er nauðsynlegt fyrir gerð sýndarveruleika. Kynntar verða kvikmyndir sem sýna mismunandi aðferðir við vinnslu á tölvuunninni bakgrunnsmynd. Kynntir verða hinir ýmsu þættir vinnuferils fyrir gerð bakgrunnsmyndar - frá hugmynd til animation -. Kynntur verður hugbúnaður sem notaður er við mismunandi stig ferlisins. Áhersla verður lögð á vinnu með Photoshop og After Effects auk notkunar 3 víddar rýmis í 2 víddar hugbúnaði.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að þroska þekkingu nemenda og skilning á öllum þáttum í gerð bakgrunnsmyndar til notkunar fyrir sýndarveruleika í kvik- og teiknimyndum. Námsmarkmið er bæði þekking á vinnsluferli og þjálfun verklegrar hæfni við vinnslu bakgrunnsmyndar. Í lok námskeiðs þarf nemandi að að geta gert stutt animation verkefni sem byggt er á kyrrmyndum.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennari: *Sigrún Harðardóttir*

Tímabil: 26.01.09-06.02.09

LOTA 5. Tímabilið 9. feb - 13. mars 2009

VINNUSTOFUR

GGG8603M **VÍDDIR MÁLVERKSINS** 7 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður tekist á um fjölbreyttan hugmynda- og efnisheim málans í viðu og opnu samhengi. Lítið verður til nokkurra birtingarmynda málverksins að fornu og nýju, þar sem rýnt verður í menningarlega stöðu, jafnt sem persónulega möguleika og samfélagslegt vægi miðilsins í nútíma samfélagi. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur líti á málverkið sem virkan vettvang til samskipta fremur en sýningargrip og beiti jafnt leitandi sem hefðbundnum aðferðum í sínu listræna starfi. Á fyrri hluta tímabilsins verður farið yfir helstu grunnþætti í undirbúningsvinnu og efnafræði málverksins, ásamt því að kynna ýmsa möguleika og aðferðir við gerð tvívíðra myndverka. Seinni hluta tímabilsins vinna nemendur sjálfstætt að úrvinnslu eigin verkefna í samráði við kennara.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að vekja nemendur til sjálfstæðrar og ógrandi myndhugsunar um möguleika málverksins í samtímanum.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennarar: *Sigurður Ární Sigurðsson*

Tímabil: 09.02.09-13.03.09

LJÓ9503M **LITLJÓSMYNDUN, tækni og samhengi** 7 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður tekið á mismunandi þáttum ljósmyndunar og unnið með eftirfarandi þætti: tilbúin veröld, áhorfandi / þátttakandi, hið persónulega og hið almenna, film noir, skáldskapur, draumar, yfirlysingar, ljóðræna, hrifnæmi, forvitni, þörf, meðvitund, pólitik, hið krefjandi, hið afbrigðilega, það sem heillar o.s.frv.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að hjálpa nemandanum að tileinka sér nokkurn skilning á lit- ljósmyndatækninni og mögu-leikum hennar, sem og færni til að nýta sér þessa þekkingu af nokkru öryggi við gerð verka sinna.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennari: *Anna Hallin og Eric Wolf*

Tímabil: 09.02.09.-13.03.09.

VÍD9503M **MÖGULEIKAR VÍDEÓS** 7 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður unnið að gerð myndbandsverka, þar sem nemendum gefst kostur á að skilgreina og bróa hæfileika sína til sjálfstæðra vinnubragna með myndbandsmiðlinum. Farið verður í grunnþætti; upptöku, handritsvinnu, skissuvinnu, lýsingu, klippingu, hljóðvinnslu, frágang, framsetningu, ásamt því að kannaðir verða möguleikar vídeós sem sjálfstæðs listmiðils. Rannsaðar verða ólíkar nálganir við miðlinn s.s. stök verk, innsetningar og vídeó fyrir veфин.

Lokastig námskeiðsins er gerð vídeóverks. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð.

Markmið: Að nemendur öðlist færni til sjálfstæðra vinnubragna við gerð myndbanda.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennarar: Sigrún Harðardóttir

Tímabil: 09.02.09-13.03.09

GJÖ9503M GJÖRNINGAR/ ATHAFNIR 7 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður unnið með gjörningaformið á fjölbreyttan hátt. Aðferðir rannsakaðar og reynt að skilgreina eðli og möguleika, mörk og sögu gjörninga. Skyldleiki við aðrar aðferðir svo sem myndband, ljósmynd og innsetningu verða skoðuð. Kennslan byggir á samblandi fyrirlestra, rannsókna og verklegar vinnu. Lögð verða fyrir verkefni á mismunandi sviðum og aðferðum gjörningalista.

Markmið: Markmið námskeiðsins er að nemendur auki skilning sinn á miðlinum. Að þeir þekki sögu og þróun listformsins til nokkurrar hlítar og verði hæfari til að nota gjörninga til listsköpunar.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennari: Erling Klingenberg

Tímabil: 09.02.09.-13.03.09.

SVI6503M SJÁLFTÆÐ VINNA 7 ein

Lýsing: Nemandi vinnur sjálfstætt að eigin verkefni í samráði við prófessor. Til grundvallar verkefninu skal prófessor samþykkja áætlun sem nemandi leggur fram. Áætlunin skal lögð fram eigi síðar en viku fyrir upphaf námskeiðsins og skal koma fram í henni inntak, umfang og tímaáætlun verkefnisins. Á tímabilinu hittir nemandi prófessor sinn með reglulegu millibili, auk þess að skrá sig í tvö viðtöl.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að hjálpa nemendum við að skilgreina, móta og starfa að eigin listsköpun með sjálfstæðum og ábyrgum hætti.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Umsjón: Prófessorar myndlistardeildar.

Tímabil: 09.02.09.-13.03.09.

LOTA 6. Tímabilið 16. mars - 30. apríl 2009

VINNUSTOFUR

HLJ9603M HLJÓMSVEITASÆLA 7 ein

Lýsing: Í námskeiðinu er tekið fyrir allt sem snýr að fyrirbærinu hljómsveit, frá kjarna málsins, drifkraftinum, hungri eftir að skapa og skemmta, að hljóði, performansi, vídeói, veggspjöldum, varningi, götumarkaðssetningu, hljómsveitaheimspeki og samsetningu sjónrænna áhrifa. Einnig verður lítillega farið í sögu gjörningasveita eins og Bruna BB og The Residents. Nemendur þurfa að vera slarkfærir í hljóð- og vídeóvinnslu og vera úræðagóðir og áráðnir.

Markmið: Að nemendur upplifi allar hliðar fyrirbærisins hljómsveit á eigin skinni og fari persónulega í gegnum margslungið sköpunarferli því tengt.

Námsmat: Áráðni, ástundun, virkni, verkefnaskil og sjálfsbjargarviðleitni.

Kennarar: Kristín Björk Kristjánsdóttir, Kolbeinn Hugi Höskuldsson, Sigrún Harðardóttir.

Tímabil: 16.03.09-30.04.09

TPR9603M UMMYNDUN 7 ein

Lýsing: Hvort sem útgangspunkturinn er formrænn, tilfinninga- eða hugmyndalegs eðlis, eru fáar aðferðir myndlistar jafn upprunalegar og beinskeyttar og teikningin. Án mikils tilkostnaðar býður miðillinn upp á mikið frelsi og möguleika til ummyndunar hugsunar í sjónrænt form og táknmyndir. Á námskeiðinu verður sjónum beint að þessum eiginleika, ásamt því að líta til og fjalla um margskonar möguleika teikningar til tjáningar; allt frá einföldu kroti til skissugerðar, jafnt sem fullgerðra listaverka á pappír eða í grafík og verka sem unnin eru beint á vegg.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að kynna fyrir nemendum ýmsar aðferðir og hugmyndir við teikningu og grafík, ásamt því að hjálpa þeim að öðlast færni og áráði í framsetningu hugmynda sinna.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennarar: Guðný Rósa Ingimarsdóttir, Jóhann L. Torfason, Gulleik Lövskar

Tímabil: 16.03.09-30.04.09

SKÚ9403M SKÚLPTÚR: SÖGUSVIÐ / Form og frásögn 7 ein

Lýsing: Á þessu námskeiði verða skoðaðar margvíslegar leiðir í listrænni nálgun. Sérstaklega er sjónum beint að frásögn (narratíf) í skúlpútr. Samtímaverk verða skoðuð, þar sem saga í víðasta skilningi þess orðs (pólitísk, sagnfræðileg, sjálfsævisaga, osfrv) skipar stóran sess. Verk nemenda og annara verða krufin í þessu samhengi. Minni, draumur, ímyndun, skáldskapur, narratíff rými, skúlpútr sem svið og senógrafía eru nokkur lykilorð í umræðu námskeiðsins og verða einnig höfð að leiðarljósi í vinnuferli nemenda.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að hvetja nemendur til sjálfstæðrar og ögrandi myndhugsunar í rýmistengdu samhengi. Námskeiðið byggir á sjálfstæðri vinnu og umræðum við prófessor og í hóp. Í lok námskeiðsins skila nemendur einu fullgerðu verki.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennarar: Katrín Sigurðardóttir, Gulleik Lövskar

Tímabil: 16.03.09-30.04.09

TEA8503M TEXTÍLL; efni, áferð, strúktúr 7 ein

Lýsing: Námskeiðið er hugsað sem tilraunastofa með efni, áferð og strúktúr og mun þráðurinn sem er uppistaða alls textils skoðaður sérstaklega og nemendum kynntir hinir óendanlegu möguleikar sem þráðurinn býður upp á. Nemendur eru hvattir til að gera tilraunir með ólík efnistöð, viðhorf og aðferðir. Á tímabilinu gefst nemendum tími til sjálfstæðra vinnubragða og dýpkunar sinna verka. Áhersla verður lögð á að hver nemandi ögri sinni persónulegu nálgun við viðfangsefnið og noti þá tækni sem hentar viðfangsefninu best. Á tímabilinu verður kynnt myndlist þar sem hefðbundinn textill svo sem fatagerð, hekl, þrjón, vefnaður, útsaumur og mynsturgerð eru notuð á nýstárlegan hátt.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að auka handverkskunnáttu og verkfærni með leikgleði að leiðarljósi.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Kennari: Guðrún Gunnarsdóttir

Tímabil: 16.03.09-30.04.09

SVI6603M SJÁLFSTÆÐ VINNA 7 ein

Lýsing: Nemandi vinnur sjálfstætt að eigin verkefni í samráði við prófessor. Til grundvallar verkefninu skal prófessor samþykkja áætlun sem nemandi leggur fram. Áætlunin skal lögð fram eigi síðar en viku fyrir upphaf námskeiðsins og skal koma fram í henni inntak, umfang og tímaáætlun verkefnisins. Á tímabilinu hittir nemandi prófessor sinn með reglulegu millibili, auk þess að skrá sig í tvö viðtöl.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að hjálpa nemendum við að skilgreina, móta og starfa að eigin listsköpun með sjálfstæðum og ábyrgum hætti.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Umsjón: Prófessorar myndlistardeildar.

Tímabil: 16.03.09-30.04.09

NÁMSKEIÐ 3. ÁRS - VORMISSERI 2009

MÁLSTOFUR OG VINNUSTOFUR

MAS3311M MÁLSTOFA 3. ÁRS 1 ein

Lýsing: Auk sjálfstæðrar vinnu á heimasvæðum sínum taka nemendur 3. árs þátt í málstofu þar sem fram fara fjölbreyttir fyrirlestrar, kynningar og umræður, þar sem prófessorar myndlistardeildar skipta með sér að leiða nemendur inn í fjölþættan heim samtímamyndlistar. Námskeiðinu er ætlað að vera vettvangur fyrir margsháttar kynningu og umræðu, þar sem rýnt verður í tíðaranda og bakgrunn jafnt sem ólíka miðla og aðferðir.

Markmið: Tilgangur námskeiðsins er að efla vitund og virkja þekkingu nemenda í umræðunni um samtímamyndlist.

Námsmat: Ástundun og þátttaka.

Umsjón: *Prófessorar myndlistardeildar.*

Tímabil: 05.01.09-13.03.09

FRN5303M FRJÁLST NÁM 6 ein

Lýsing: Nemendur á 3. ári vinna sjálfstætt á vinnustofum sínum. Þeir hafa frjálst val um viðfangsefni og aðferðir. Áhersla er lögð á að nemendur þrói eigin hugmyndir, vinni úr þeim og finni þá framsetningu sem best hæfir viðfangsefninu. Nemendur fá einkaleiðsögn kennara og gestalistamanna, þar sem þeir skrá sig í viðtöl og fá persónulega ráðgjöf og gagnrýni á verkefni sín. Á tímabilinu ber nemendum að skrá sig í tvö til þrjú viðtöl um verkefni sín, ásamt því að hitta prófessora með reglulegu millibili. Námskeiðinu lýkur með sameiginlegri yfirferð og gagnrýni.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að hjálpa nemendum við að skilgreina, móta og starfa að eigin listsköpun með sjálfstæðum og ábyrgum hætti.

Námsmat: Verkefnaskil á sjálfstæðu verki.

Umsjón: *Prófessorar myndlistardeildar.*

Tímabil: 05.01.09.-06.02.09

SHM5101M STARFSUMHVERFI MYNDLISTAR 2 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður starfsumhverfi myndlistarmanna kynnt. Forstöðumenn, fagfólk stofnana og samtaka, virkir myndlistarmenn, menningarblaðamenn, gagnrýnendur og fleiri gestir koma og halda fyrirlestra. Meðal þess sem kynnt verður er: Atvinnumöguleikar myndlistarmanna, sýningarstarfsemi, styrkir, rekstur, höfundarréttur, hagsmunasamtök, o.fl. Skoðað verður samband og samstarf atvinnulífsins og myndlistar.

Námskeiðið er skyldunámskeið fyrir 3. árs nemendur myndlistardeildar. 100% mætingarskylda

Markmið: Að kynna fyrir nemendum starfsvettvang myndlistarmanna.

Námsmat: Þátttaka og 100% mætingarskylda

Umsjón: *Kristján Steingrímur Jónsson.*

Tímabil: 13.01.09-10.02.09

SSE5101M SEYÐISFJÖRÐUR / VINNUSTOFA 3 ein

Lýsing: Samstarfsverkefni við menningarmiðstöðina Skaffell á Seyðisfirði og Dieter Roth akademiuna. Vinnustofan Seyðisfjörður er u.þ.b. 8 km breið og 15 km löng. Þar er skipasmiðastöð, járnsmiðja, trésmiðja, prentsmiðja, neta- og seglagerð, sýningarsalir og pakkhúspláss. 6–8 nemendum LHÍ er gefinn kostur á að vinna að eigin hugmyndum í menningarmiðstöðinni Skaffelli. Lögð er áhersla á að nemendur geti nýtt sér þær sérstæðu aðstæður sem bærin og umhverfi hans býður upp á. Eftir nánara samkomulagi við fyrirtæki á staðnum geta nemendur m.a. nýtt sér vinnuáðstöðu og ráðgjöf iðnaðarmanna á verkstæðum bæjarins. Vinnustofunni lýkur með sýningu í menningarmiðstöðinni Skaffelli.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að tengja saman skóla- og fagumhverfi.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil

Kennari: *Björn Roth*

Tímabil: febrúar/mars 2009

BAM5202M LOKARITGERÐ 4 ein

Lýsing: Lokaritgerð er ætlað að sýna skilning nemandans á listsköpunarstarfi sínu og samhengi þess. Ritgerðin á að endurspeglja hæfni þeirra til skipulegrar umfjöllunar og markvissrar framsetningar. Nemandinn á að gera grein fyrir listhugsun sinni, samhenginu í verkum sínum, gjarnan með hljóðsönnun af nýjustu verkum og áætluðu lokaverki, listrænum bakgrunni og/eða listsögulegu samhengi, hugmyndaheimi og/eða persónulegri sýn. Ritgerðin skal að jafnaði vera um 5000 orð eða um 15 síður. Gengið skal frá ritgerðinni með fræðilegu móti hvað varðar tilvitnanir, tilvísanir, heimildaskrá o.s.frv.

Nemendur fá leiðbeinanda sem þeir eiga að hitta reglulega (3 til 4 sinnum) meðan á ritgerðarsmiðinni stendur. Jafnframt skulu nemendur ráðfæra sig við prófessora.

Markmið: Markmið lokaritgerðar er að auka færni nemenda til að fjalla um eigin verk og skerpa sýn þeirra á sjálfa sig sem listamenn.

Námsmat: Ritgerðin er metin af leiðbeinanda, umsjónarmanni og prófdómara. Við matið er gengið út frá uppbyggingu (20%), inntaki (60%), og heimildanotkun (20%)

Umsjón: *Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir*

Tímabil: 08.10.08-13.02.09

BAM5205M LOKAVERK 10 ein

Lýsing: Nemendur velja sér viðfangsefni og vinna út frá því lokaverk til B.A. prófs innan þess ramma sem prófessor setur. Nemendur vinna lokaverk sitt sjálfstætt. Þeir hafa reglulegt samband við leiðsagnarkennara (prófessor) meðan á vinnunni stendur. Jafnframt gefst nemendum kostur á leiðsögn gestalistamanna, þar sem þeir skrá sig í viðtöl og fá persónulega ráðgjöf við verkefni sín. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og persónulegar úrlausnir. Nemendum ber að kynna stöðu mála við gerð lokaverks á opnum fyrirlestri í mars.

Markmið: Með lokaverki á nemandinn að sýna að hann sé hæfur til að takast á við gerð stærri verka sem listamaður og geti unnið að sýningu í opinberu safni eða rými.

Námsmat: Lokaverk á útskriftarsýningu.

Umsjón: *Prófessorar myndlistardeildar.*

Tímabil: 09.02.09-30.04.09

BAM5201M FERILMAPPA 3 ein

Lýsing : Nemendur leggja fram möppu A4 með ljósmyndum af 10-15 verkum sínum. Með ljósmyndunum skal fylgja texti þar sem fram kemur titill á verkum, ártal og efni auk annara upplýsinga sem nemandinn telur nauðsynlegar. Mappan skal endurspeglja vinnu nemenda s.l. þrjú ár og er metin sérstaklega af prófessorum deildarinnar. Eintaki sem varðveitt verður á bókasafni deildarinnar ber að skila 30. apríl 2008.

Markmið: Markmiðið er að nemendur þjálfist í skrásetningu og frágangi á eigin kynningarefni í stafrænu formi.

Námsmat: Mat á framsetningu.

Umsjón: *Prófessorar myndlistardeildar.*

Skil 30. apríl 2009

NÁMSKEIÐ, FLEYGAR OG SÉRVERKEFNI

FLEYGAR OG SÉRVERKEFNI

Á hverju ári er boðið upp á ýmis námskeið og sérverkefni sem nemendum stendur til boða að taka þátt í, allt eftir sínu áhugasviði. Fleygar eru stutt námskeið um sérhæfð verkefni á sviði tækni, fræðigreina og listsköpunar. Sérverkefni eru fjölþætt námskeið og verkefni sem unnin eru í samvinnu við utanaðkomandi aðila, jafnt innlenda sem erlenda. Námskeiðin eru hugsuð sem vettvangur fyrir nemendur til að kynnast ólíkum viðhorfum, mismunandi hugmyndum og áherslum innan myndlistar.

Einingavægi námskeiðana er misjafnt, og fer það m.a. eftir lengd þeirra, inntaki og námskröfum hvernig þau eru metin. Ný námskeið eru auglýst á innri vef skólans þegar þar að kemur.

Námskeiðunum er ætlað að bjóða nemendum upp á fjölbreytt verkefni á myndlistarvettvangi; þau eru m.a. hugsuð fyrir óvæntar tengingar og skörun á milli ólíkra miðla og hugsunar, ásamt því að bjóða upp á tengingu á milli skóla- og fagumhverfis.

VÍD7202M VINNSLUFERLI VIÐ GERÐ SÝNDARVERULEIKA 4 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður kynnt vinnsluferli við gerð sýndarveruleika. Sýnd verða dæmi úr kvikmyndum þar sem notkun sýndarveruleika hefur afgerandi áhrif á inntak myndarinnar. Kynntir verða hinir ýmsu þættir vinnuferils fyrir sýndarveruleika og hugbúnaði sem notaður er við mismunandi stig ferlisins. Kennt verður notkun lýsingar og vídeótökur fyrir "green screen" og að lokum tækni við að taka út græna lit og að setja vídeómynd saman við bakgrunnsmynd.

Markmið: Námskeiðinu er ætlað að þroska þekkingu nemenda og skilning á notkun sýndarveruleika í kvik- og teikni-myndum. Námsmarkmið er bæði þekking á þeim þáttum sem mynda sýndarveruleika, og þjálfun verklegrar hæfni við samsetningu á þeim þáttum sem byggja upp sýndarveruleika. Í lok námskeiðs hefur nemandi aflað sér þekkingar á hugtakinu sýndarveruleiki og tækni til að að geta unnið einfalt verkefni á hvaða stigi vinnsluferilsins sem er.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Umsjón: Sigrún Harðardóttir

Tímabil: v16.03.08-30.04.08

SKIPTINÁM

SVI0015M SJÁLFASTÆÐ VINNA SKIPTINEMA 30 ein

Lýsing: Við upphaf dvalar halda prófessorar fund með skiptinemum þar sem námsmöguleikar eru kynntir og námsdvölin skipulögð þannig að hún nýtist sem best. Skiptinemum gefst kostur á að taka þátt í vinnustofum 2. árs, sækja ýmis námskeið og vinnustofur, eða vinna að sérverkefnum í samráði við umsjónarprófessor.

Markmið: Að skiptinemar nýti sér þá aðstöðu sem skólinn býður upp á til að bæta við þekkingu sína og vinna að eigin listsköpun.

Námsmat: Við lok dvalar metur prófessor námsárangur með því að leggja mat á virkni og þátttöku, ásamt því að skoða fullgerð verk og ferlimöppu.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil.

Umsjón: Prófessorar myndlistardeildar.

Tímabil: Haustönn 2008 / vorönn 2009

FRÆDIGREINAR

FRÆDIGREINAR Í MYNDLISTARDEILD 2008-2009

OPNIR FYRIRLESTRAR MYNDLISTARDEILDAR

Á hverju ári heldur fjöldi lista- og fræðimanna ögrandi, áhugaverð og fróðleg erindi eða kynningar um verk sín og hugmyndir. Fyrirlestrunum er ætlað að kynna og hvetja til umræðu um margþætt álitamál úr heimi lista og samtímamenningar. Fyrirlestrarir eru afar mikilvægur þáttur í upplýsingastarfi skólans, ásamt því að vera opinn vettvangur fyrir tengsl nemenda við hugmynda- og reynsluheim starfandi lista- og fræðimanna.

Reglulegir fyrirlestrar fara fram í hádeginu á mánudögum í Laugarnesi og eru þeir opnir almenningi. Þessir fyrirlestrar verða nánar kynntir á heimasíðu og innra vef skólans. Fyrirlestrarir eru einingabærir og eru nemendur sérstaklega hvattir til að stunda þá. 10 fyrirlestrar gefa 1 einingu.

HÁD0001M / HÁD0000M HÁDEGISFYRIRLESTRAR 1 ein

Lýsing: Fjöldi lista- og fræðimanna heldur ögrandi, áhugaverð og fróðleg erindi eða kynningar um verk sín og hugmyndir. Fyrirlestrarir eru afar mikilvægur þáttur í upplýsingastarfi skólans, ásamt því að vera opinn vettvangur fyrir tengsl nemenda við hugmynda- og reynsluheim starfandi lista- og fræðimanna.

Markmið: Fyrirlestrunum er ætlað að kynna og hvetja til umræðu um margþætt álitamál úr heimi lista og samtímamenningar.

Námsmat: Ástundun.

Kennarar: Ýmsir lista- og fræðimenn.

Tímabil: Haustönn 2008 / Vorönn 2009.

LIS1322M ALPJÓÐLEG SAMTÍMAMYNDLIST FRÁ 1970 4 ein

Lýsing: Fjallað verður um þróun alþjóðlegrar samtímamyndlistar frá árinu 1970 til okkar tíma. Leitast verður við að varpa ljósi á framvindu þessa tímabils, helstu stefnur, hreyfingar, einstaklinga og hugmyndir sem einkennt hafa tímabilið. Þá er lögð áhersla á að kynna þá nýju miðla og aðferðir sem fram komu á þessum tíma; s.s. umhverfislit hvers konar og innstallsjónir; gjörninga og uppkomur; op- og hreyfilist; skjá- og myndbandalist; iðnaðar- og gerviefni; hugmyndlist og ljósmyndlist. Einnig er reynt að bregða ljósi á bakgrunn listþróunar tímabilsins, stjórnmálalegan, efnahagslegan og samfélagslegan. Loks verður reynt að meta tímabilið í ljósi fyrri þróunar og séríslenskrar þróunar. Reynt verður að sækja heim erlendar sýningar á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu á helstu stefnum, hreyfingum og listamönnum sem voru áberandi á tímabilinu. Ennfremur að nemendur öðlist bæði skilning á mikilvægi hinna nýju miðla sem fram koma og hinum samfélagslega og pólitíska bakgrunni sem skipar stóran sess síðustu 4 áratugi í samtímamyndlist.

Námsmat: Ritgerð sem gildir 60 % og skriflegt próf sem gildir 40%

Kennari: Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir

Tímabil: 20.10.08-04.12.08 Kennit í stofu 024 í Laugarnesi þri. og fim. kl. 13:15-15:00

LIS3302M SJÓNMENTING SAMTÍMANS 4 ein

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um sjónmenningu samtímans út frá forsendum sjónmenningarfræða. Lögð er áhersla á að skoða sjónrænt umhverfi og samfélagslegan bakgrunn lista, óháð spurningum um fagurfræði og listræn gæði, líkt og listfræðin fæst við. Fjallað verður um mikilvægi sjónrænna þátta í fjölda- og afþreyingarmenningu og um hið almenna og dæmigerða í ólíkum miðlum, í kvikmyndum, myndlist, auglýsingum, sjónrænni umgjörð pop-ónlistar og borgarumhverfi. Markmið : Að gefa nemendum yfirlit yfir séð sjónmenningarfræða og innsýn inn í helstu viðfangsefni og kenningar þessarar fræðigreinar.

Námsmat: Þátttaka í fyrirlestrum (15%), gögn hópumræðu (35%), ritgerðarverkefni (50%).

Kennari: Hlynur Helgason

Tímabil: 01.09.08.-14.11.08 Kennit í stofu 024 Laugarnesi, fimmtudaga kl. 15:15-17:00.

LIS1104M ALPJÓÐLEG NÚTÍMALISTASAGA 1870-1970 8 ein

Lýsing: Farið verður í þróun myndlistar frá umbrotatímum móðernismans á síðustu áratugum 19. aldar, í gegnum helstu framúrsefnuhreyfingar eða isma 20. aldar fram til ársins 1970. Gerð verður grein fyrir helstu stefnum móðernískrar myndlistar, forsendum þeirra, sérkennum og mikilvægi fyrir síðari tíma. Fjallað verður um tengsl listar við pólitík, heimspæki og þjóðfélagsþróun og hugað að róttæku endurmati á fegurðarhugtakinu í listum á 20. öld. Hvernig skila breyttar hugmyndir um tíma og rými sér í listinni? Hvernig raska ofangreindar listastefnur venjubundinni skynjun manna á umhverfinu og raunveruleikanum? Hvað er „innri veruleiki“? Þarf myndlist að vera sýnileg? Hver er munur á myndmáli og tungumáli og annars konar táknmáli? Reynt verður að fella alþjóðlegrar sýningar sem hingað koma að námskeiðinu og verða þær sóttar heim í tengslum við það.

Markmið: Að gera nemendum grein fyrir forsendum og framvindu nútímalistar svo þeir skilji ástæður og eðli þeirrar umbyltingar sem varð á list tímabilsins og geti nýtt sér þá þekkingu til dýpkunar skilnings síns á hvers kyns myndlist; ekki hvað síst á samtímalist.

Námsmat: 1) Próf 2) Framsaga í formi kynningar í tíma um valið efni.

Kennari: Þóra Þórisdóttir.

Tímabil: 05.01.09 - 15.04.09. Kennit í LHÍ þri. og fim. kl. 15:15-17:00.

LIS0304M ÍSLENSK MYNDLIST 1870 - 1970 8 ein

Lýsing: Saga íslenskrar myndlistar frá 1870 til 1970. Fjallað er um upphaf íslenskrar nútíamamyndlistar, einstaka myndlistarmenn og móttandi öfl í íslensku myndlistarlífi, áhrif erlendra listhugmynda og stefna, tilraunir til að skilgreina „þjóðlega“ íslenska myndlist, stuðning og áhrif yfirvalda á myndlistarþróun og togstreitu milli málsvara þjóðlegrar listar og óþjóðlegrar listar. Hugað er að landlægrri spennu milli „tilfinningatjáningar“ annars vegar og „vitsmunalegrar“ framsetningar hins vegar og skoðað hvernig það birtist í myndlistinni. Þá er fjallað um innlenda listmenntun og megineinkenni myndlistarumfjöllunar eins og hún birtist á hverjum tíma í dagblöðum og tímaritum. Leitast verður við að meta sérkenni íslenskrar myndlistar í samhengi við erlenda listþróun, en einnig í ljósi íslenskrar samfélagsþróunar og sögu.

Markmið: Að nemendur öðlist skilning á sérkennum og þróun íslenskrar nútíamamyndlistarsögu frá lokum 19. aldar og fram á síðari hluta 20. aldar, m.a. í samhengi við hugmyndasögu, íslenska samfélagsþróun og áhrif erlendra listhreyfinga.

Námsmat: Verkefni sem gildir 40 prósent og próf sem gildir 60 prósent.

Kennarar: Hrafnhildur Schram og Æsa Sigurjónsdóttir

Timabil: 01.09.08-30.11.08. Kennt í HÍ, stofu 301 Árnagarði, þri og fim, kl. 13:10 -14:55.

FRÆÐIGREINAR: VALNÁMSKEIÐ Á HAUSTMISSERI 2008

LIS4502M HEIMSPEKI LISTARINNAR 4 ein

Lýsing: Farið verður yfir ýmis grunnhugtök listfræðinnar, svo sem list, feegurð, smekkur og listrænt gildismat, og þær breytingar sem orðið hafa á skilningi Vesturlandabúa á þeim frá fornöld til nútíma. Farið verður yfir helstu kenningar um list í nútímanum. Skoðuð verða þau álitamál sem varða listfræði samtímans og hvernig nútímalist hefur reynt að hafa áhrif á skilning okkar á þeim.

Markmið: Að nemandinn þekki grunnhugtök listheimspeki. Kynnist helstu kenningum um list í nútímanum. Skilji sambandi milli listkenninga og þróunar nútímalistar.

Námsmat: Verkefni í tímum 40%, ritgerð 60%.

Kennari: Gunnar J. Árnason

Timabil: 01.09.08-14.11.08. Kennt í LHÍ Laugarnesi st 024, mánudaga kl 16:15-18:00

LIS8202M HEIMUR SJÓNARSPILSINS 4 ein

Lýsing: Fjallað verður um heimspekilegar og listfræðilegar kenningar um að við lifum í heimi sjónarspils. Þær kenningar má m.a. rekja aftur til hinnar frægu helliskenningar Platóns. Í námskeiðinu verður farið nákvæmlega í hellisklinguna, firringarkenning Frankfurtarskólans verður rædd, en einkum þó kenningar Situationismans um samfélag sjónarspilsins. Kenningar Susan Sontag um áhrif ljósmynda á einstaklinga og samfélög og kenningar póstmóðernistans Jean Baudrillard um eyðimörk veruleikans verða einnig skoðuð. Áhersla verður lögð á að ræða hlutverk og hlutskipti myndlistar (og hönnunar og jafnvel arkitektúrs) í samfélagi sjónarspilsins.

Markmið: Að nemendur þekki nokkrar grundvallarkenningar um heiminn sem sjónarspil og geri sér jafnframt grein fyrir þverstæðum í umræðunni.

Námsmat: Þáttaka í vinnuhópi sem heldur kynningu: 30%, lokaverkefni: 60%, mæting: 10%

Kennari: Hjálmar Sveinsson

Timabil: 01.09.08-15.10.08. Kennt í stofu 024 Laugarnesi mánudaga kl 14:15-16:00 og miðvikudaga kl 15:15-17:00

LIS8102M SÚRREALISMI Á 20. OG 21. ÖLD 4 ein

Lýsing: Súrealisminn var ein frjóstasta og alþjóðlegasta liststefna 20. aldar. Súrealísk aðferðarfræði býður enn upp á óþrjótandi viðfangsefni og er uppspretta nýrra verka. Á námskeiðinu verður fjallað um hugmyndafræðilegan uppruna súrealismans og margvísleg birtingarform hans í ólíkum miðlum; málverki, klippimyndum, bókverkum, ljósmyndum, og kvikmyndum á 20. og 21. öld. Áhersla verður lögð á mynddæmi frá Frakklandi, Belgíu, Mexíkó og Norðurlöndum og rætt hvaða áhrif súrealisminn hafi haft á nýja kynslóð íslenskra listamanna.

Markmið: Að nemendur kynnist inntaki súrealismans frá 1924 og 1928, læri að greina myndmál hans, helstu hugmyndir og læri að þekkja skilgreiningar sálfræðilegra hugtaka hreyfingarinnar. Nemendur eiga að geta gert greinarmun á sögulegum súrealisma og ný-súrealisma, og geta tengt sögulegan þátt við ný birtingarform í myndlist samtímans.

Námsmat: Verkefni 40% og próf 60%.

Kennari: Æsa Sigurjónsdóttir

Timabil: 20.10.08.-04.12.08 Kennt í stofu 024 í Laugarnesi mánudaga kl 14:15-16:00 og miðvikudaga kl 15:15-17:00.

LIS8902M FAGURFRÆÐI SAMFÉLAGA 4 ein

Lýsing: Fjallað verður um list í félags-, pólitísku- og efnahagslegu samhengi í hnattvæddum heimi. Hlutverk listar er skoðað í margvíslegu samhengi, t.d. í sjálfsmyndarsköpun, ferðaiðnaði, menningarpólitik, stjórnskiptum og töfrum. Í námskeiðinu verður sjónum beint að tengslum listaverka, höfunda og neytenda í einka- (private) og almennings (public) rými. Fagurfræði ólíkra samfélaga er skoðuð frá sjónarhóli mannfræðinnar, allt frá list frumbyggja til samtímalistar Vesturlanda.

Markmið:

Námsmat: Eitt próf í lok námskeiðs og tvö verkefni, sem gilda 1/3 til lokaeinkunnar hvert.

Kennari: Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Tinna Grétarsdóttir

Timabil: 01.09.08.-14.11.08 Kennt í stofu 024 Laugarnesi föstudaga kl 13:15-15:00.

LIS8302M LIST-NÝMIÐLAR-SAMFÉLAG 4 ein

Lýsing: Siðastliðin 170 ár hafa fjölföldunarmiðlar í síauknum mæli haft áhrif á samfélag manna, umhverfi og hugmyndir. Ljósmyndir, kvikmyndir, tónlist, prentbirtingarefni, og sýndarheimar eru afgerandi hluti veruleikans og áhrif þeirra á einstaklinginn eru mikil. Heimspekingar og listamenn hafa reynt að skoða og skilgreina hvernig miðlar hafa áhrif á fólk; annarsvegar til að skilja eðli miðlanna og áhrif; hinsvegar til að reyna að nýta sér nýja miðla til að hafa áhrif. Námskeiðið fylgir þessu; skoðar tilraunir listamanna til að nýta sér nýmiðla og skoðar hugmyndir heimspekinga um eðli þeirra á sama tíma með listina til hliðsjónar.

Markmið: Að nemandi í lok námskeiðs: Þekki heimspekilega umfjöllun um áhrif fjölföldunarmiðla á samfélagi nútímans, geti greint áhrifamátt ljósmyndamiðilsins, geti greint áhrifamátt kvikmyndunar sem miðils, geti greint áhrif samtímatónlistar, geti greint áhrif prentefnis og birtingar þess, geti greint áhrif og möguleika þróunar í sýndarheimum, geti fjallað á gagnrýnin hätt um fjölföldunarmiðla í samhengi við samfélagið, geti í riti rætt á rökstuddan hátt um áhrif fjölföldunarmiðla og hafi tekið virkan þátt í umræðu um fræðileg álitamál í tengslum við fjölföldunarmiðla.

Námsmat: Þátttaka í fyrirlesturum (15%), Gögn hópuvræðu (35%), Ritgerðarverkefni (50%)

Kennari: *Hlynur Helgason*

Tímabil: 01.09.08.-14.11.08 Kenni í stofu 024 Laugarnes þriðjudaga kl 15:15-17:00.

LIS1504M ALPJÓÐLEG LISTASAGA FYRRI TÍMA 8 ein

Lýsing: Farið er yfir helstu stíltímabil listasögu Vesturlanda frá miðöldum og til loka 19. aldar. Námskeiðið spannar tímabil trúarleggrar kirkjulistar miðalda (10.-13./14. öld), endurreisn (15. og 16. öld) barokk (17. öld), rókókó (18. öld), ný-klassik (lok 18. aldar), rómantík (19. öld), raunsæisstefnu (19. öld), impressjónisma og symbolisma.

Fjallað verður um málalist, höggmyndalist, byggingarlist, svartlist (grafík), vefnað, steinda glugga og ljósmyndir. Leitast verður við að skoða að hvaða leyti listin speglar samfélagið, hvernig myndmál speglar lífssýn og heimsmynd manna á ólíkum tímabilum. Fjallað er um breytilegt inntak tíma og rýmis á hverjum tíma, breytingar á táknrænni mynd líkama, um stöðu og samfélagshlutverk listamanna, hvernig valdhafar nota list, o.fl.

Markmið: Að nemendur öðlist skilning á sögu listarinnar í Evrópu og tengslum hennar við hugmyndafræði og samfélagsþróun á hverjum tíma. Einnig að þeir öðlist þekkingu á táknmyndum (trúarlegum og öðrum) myndlistar meðal annars til að geta skilið notkun þeirra í samtímalist.

Námsmat: Skriflegt próf úr kennslubók og (minni) ritgerð.

Kennari: *Eiríkur Þorláksson*

Tímabil: 01.09.08–30.10.08. Kenni í HÍ, miðv. kl 13:10-14:55 og fim. kl 10:50-12:40.

FRÆDIGREINAR: VALNÁMSKEIÐ Á VORMISSERI 2009

LIS1313M ÍSLENSK SAMTÍMAMYNDLIST FRÁ 1970 6 ein

Lýsing: Helstu sérkenni og söguleg þróun íslenskrar myndlistar síðustu áratugi 20. aldar og á fyrsta áratug 21. aldar skoðuð í ljósi íslensks samfélags og samhengis við erlenda listþróun. Meðal viðfangsefna er arfleifð SÚM á áttunda áratugnum, stofnun Galleris Suðurgötu 7 og Nýlistasafnsins, einkenni hins íslenska konseptts og annarra „nýlista“, svo sem ljósmynda, innsætninga og gjörninga, stofnun Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík og uppgangur þrívíddarlistar, endurkoma olíumálverksins á níunda áratugnum, innreið nýrra rafræna miðla svo sem myndbandalistar og í seinni tíð skörun myndlistar, kvikmyndamiðilsins og tónlistar. Hugað verður að afstöðu yngri kynslóðar myndlistarmanna til myndlistararfsins á hverjum tíma, m.a. til náttúruarfleifðar og að „þjóðlegri“ birtingarmynd myndlistar. Þá er fjallað um einkenni orðræðu um myndlist, listmenntun, þátttöku í Fenejyabiennal, rekstur gallería og stofnun sýningarhópa í samtímanum.

Markmið: Að nemendur öðlist skilning á eðli og sérkennum íslenskrar samtímalistar á síðustu áratugum 20. aldar og við upphaf 21. aldar, m.a. með tilliti til ólíkra listmiðla, hugmyndafræði yngri kynslóðar myndlistarmanna, afstöðu þeirra til listhefðarinnar og tengsla við erlenda samtíamyndlist.

Námsmat: Ritgerð sem gildir 80% af einkunn og stutt framsaga í tíma (kynning á ritgerðarefni) sem gildir 20%.

Kennari: *Auður Ólafsdóttir*

Tímabil: Vor 2009. Kenni í HÍ, þriðjudaga og fimmtudaga kl 13:15-15:00

LIS8402M SÝNINGARGERÐ OG SÝNINGASTJÓRN 4 ein

Lýsing: Fjallað verður um sögu sýningargerðar og sýningastjórnunar. Litið á flesta þá þætti er lúta að sýningarstjórnun, sýningargerð og uppsetningu, hugmyndavinnu, skrif og kynningu. Skoðaðar verða ýmsar gerðir listsýninga og fjallað um mismunandi vettvang þeirra. Námskeiðinu mun ljúka með sýningu sem þáttakendur í námskeiðinu undirbúa með skrifum

í sýningarskrá og kynningu á viðburðinum. Í námskeiðinu felast einnig safnaferðir auk þess sem fengnir verða gestafyrirlesarar er veita innsýn í safnastarf og starfsemi listgallería.

Markmið: a) að nemandi kynnist sögu sýningargerða og fái yfirsýn yfir helstu þætti sýningargerðar og sýningarstjórnunar b) að fá listfræði- og myndlistarnema til að vinna saman að verkefni.

Námsmat: Þátttaka í tímum og í sýningarundirbúningi 40%, verkefni 20% og greinagerð 40%. Mætingaskylda.

Umsjón: Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir.

Tímabil: 11.01.08-14.03.08 Kennt í LHÍ, fös kl 13:15 -15:00

LIS9102M **PERSÓNULEIKI OG MINNI Í MYND** 4 ein

Lýsing: Fjallað verður um hugmyndir um sjálfsmýndasköpun ('identity'), persónuleika, sögu og minni út frá verkum myndlistarmanna og myndlistarkvenna sem hafa unnið markvisst með táknumyndir minnis undanfarin ár. Þar má nefna listamenn á borð við Claude Cahun, Susan Hiller, Chris Marker, Chantal Akerman og Sophie Calle. Hugað verður að tengslum við sálgreiningu með vísan til Helene Cixous, Julia Kristeva, Bracha L. Ettinger, Jean Laplanche, og Lacan.

Markmið:

Námsmat:

Kennari: Hlynur Helgason

Tímabil: Vor 2009. Kennt í LHÍ

LIS0802M **MYNDASÖGUR** 4 ein

Lýsing: Í námskeiðinu er ætlunin að skoða sögu myndasögunnar með sérstöku tilliti til stöðu myndasögunnar í dag. Einnig verður farið í myndlestur og greiningu á myndasögum, bæði hvað varðar myndmál og frásagnartækni. Um leið er ætlunin að kanna sérstöðu myndasögunnar sem listforms og frásagnarforms. Lesnar verða myndasögur frá ólíkum tímum og landsvæðum, allt frá bandarískum ofurhetjusögum og hrollvekjum til sagna evrópskra höfunda. Bók Scott McCloud 'Understanding Comics' verður lögð til grundvallar, en að auki verður stuðst við kenningar myndasöguhöfundarins Will Eisner og fræðimannsins Roger Sabin.

Markmið:

Námsmat:

Kennari: Úlfhildur Dagsdóttir

Tímabil: Vor 2009, Kennt í HÍ

LIS9202M **SAMFÉLAG OG SJÁLFSMYNDIR** 4 ein

Lýsing: Fjallað verður um framlag kvenna til myndlistar frá miðri 19. öld til loka 20. aldar. Konur lögðu drjúgan skerf m.a. til impressjónisma og framúrstefna 20. aldar, jafnframt því sem sjálfsmýndir þeirra eru fyrirferðamiklar í listasögu 20. aldar, einkum með tilkomu feminismlans á 8. áratugnum. Leitast verður við að bregða upp mynd af listsköpun kvenna á tímabilinu í hinum ýmsu listmiðlum (s.s. málalartist, ljósmyndun, myndbandalist og kvikmyndagerð) og rýnt í skrif fræðimanna um listsköpun kvenna og sérstöðu þeirra m.a. með tilliti til viðfangsefnis.

Markmið:

Námsmat:

Kennari: Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir

Tímabil: Vor 2009. Kennt í Laugarnesi

LIS9302M **GAGNRÝNI OG ÖNNUR SKRIF UM MYNDLIST** 4 ein

Lýsing: Fjallað verður um myndlistargagnrýni og ýmsar birtingarmyndir hennar á innlendum og erlendum vettvangi. Lesnar verða textar sem fást við spurningar um hlutverk gagnrýni, eðli hennar og tilgang og myndlistardómar kannaðir. Einnig verður sjónum beint að umfjöllun og orðræðu um myndlist í víðara samhengi, svo sem kynningartextur gallería og safna eða lengri greinum af fræðilegri toga, í dagblöðum og tímaritum, á vefsíðum, í sýningarskrám og bókum. Áhersla er lögð á innsýn í listfræðilegar kenningar, umræðu og túlkun, og jafnframt fá nemendur hagnýta leiðsögn og þjálfun í skrifum um myndlist.

Markmið:

Námsmat:

Kennari: Anna Jóhannsdóttir

Tímabil: Vor 2009. Kennt í HÍ

LIS9101M STARFSEMI LISTASAFNS 2 ein

Lýsing: Stutt námskeið (1 vika) sem er hugsað fyrir nemendur sem hafa áhuga á að kynna daglegu starfi á listasafni. Nemendur velja sér verkefni í samráði við deildarstjóra á Listasafni Íslands en verkefniin lúta að ýmsum þáttum starfsemi listasafns; svo sem skráningu listaverka, útgáfu- og kynningarmálum, gerð vefsíðna fyrir listasöfn, ritun kynningartexta um myndlistarverk fyrir grunn- og framhaldsskóla, viðtölum við listamenn og uppsetningu sýninga.

Markmið:

Námsmat:

Umsjón: Auður Ólafsdóttir

Kennarar: Starfsmenn Listasafns Íslands

Tímabil: vor 2009

TIL MINNIS:

Engin kennsla er á starfsdögum, á haustönn 3. til 7. nóv 2008 og á vorönn 6. til 8. apríl 2009. Jólafrí stendur yfir daga 22. des til 4. jan. 2009. Páskafrí stendur yfir dagana 9. til 14. apríl 2009.

3. ÁR: VINNUFERLI OG TÍMASETNINGAR

BRAUTSKRÁNING

Nemendur þurfa að sækja um brautskráningu rafrænt á vef skólans. Umsóknarfrestur fyrir brautskráningu vorið 2009 er til 15. janúar 2009. Skráningin fer fram á innri vef skólans.

VERKEFNI Á HAUSTMISSERI

Nemendur á 3. ári vinna sjálfstætt á vinnustofum sínum. Á haustmisseri skipta prófessorar með sér umsjón námskeiða, þar sem nemendur eiga þess kost að dýpka og auðga listrænar rannsóknir á sínu áhugasviði. Verkefnavinna fer fram á vinnustofum þar sem regluleg umræða og gagnrýni mun eiga sér stað um einstök verkefni. Á tímabilinu kemur mikill fjöldi sjálfstætt starfandi lista- og fræðimanna til umræðna og umsjónar fjölbreytilegra verkefna er standa mismunandi lengi yfir. Í lok hvernar lotu er ætlast til að nemendur skili einu verki til sameiginlegar yfirferðar með prófessorum deildarinnar. Nemendur skulu taka 2 viðtöl í hverri 5 vikna lotu. Markmiðið er að nemendur temji sér sjálfstæð, öguð og markviss vinnubrögð í sínu listræna starfi.

Auk sjálfstæðrar vinnu á heimasvæðum sínum taka nemendur 3. árs þátt í málstofu, þar sem fram fara fjölbreyttir fyrirlestrar, kynningar og umræður, þar sem prófessorar myndlistardeildar skipta með sér að leiða nemendur inn í fjölbættan heim samtímamyndlistar.

Á tímabilinu ber nemendum að hefja forvinnu lokaritgerðar og skrifa 3ja bls. greinargerð um eitt þeirra verka sem þeir unnu á námskeiði á haustmisseri 2008. Greinargerðinni á að skila á skrifstofu skólans 10. nóvember 2008. Fyrsta uppkasti að ritgerð skal skila 8. des 2008.

VERKEFNI Á VORMISSERI

Á vormisseri vinna nemendur 3. árs að sjálfstæðri listsköpun. Þeir hafa frjálst val um viðfangsefni og aðferðir. Áhersla er lögð á að nemendur þrói eigin hugmyndir, vinni úr þeim og finni þá framsetningu sem best hæfir viðfangsefninu. Nemendur fá leiðsögn kennara og gestalistamanna. Þeir skrá sig í viðtöl og fá persónulega ráðgjöf og gagnrýni á framgang verkefna sinna. Í lotu 4 ber nemendum að skrá sig í lágmark 2 viðtöl og skila einu verki til sameiginlegrar yfirferðar og gagnrýni í lok tímabilsins. Í lotu 5 og 6 vinna nemendur sjálfstætt að lokaverkefni sínu, þeir fá leiðsögn og gagnrýni kennara og gestalistamanna, ásamt því sem þeim ber að hitta umsjónarprófessor sinn með reglulegu millibili.

B.A.-VERKEFNI

Nemendur sem hafa í hyggju að útskrifast með B.A.-gráðu frá L.H.Í. vorið 2009 þurfa að skila þrjúþættu B.A.- verkefni: 1) skrifa greinargerð sem skila á 10. nóvember og skrifa 4 eininga lokaritgerð sem skila á 13. febrúar 2) skila ferilmöppu í lok vormisseris og 3) vinna 10 eininga lokaverk sem þeir sýna á útskriftarsýningu.

1. Lokaritgerð (BAM5202M)

a) Forvinna: Greinargerð.

Nemendur skrifa 3ja bls. greinargerð um eitt þeirra verka sem þeir unnu á námskeiði á haustmisseri 2008. Greinargerðinni á að skila á skrifstofu skólans 10. nóvember 2008.

b) Lokaritgerðin sjálf

Vinna við greinargerð og lokaritgerð hefst 8. október 2008. Lokaritgerðin skal vera um 5000 orð eða um 15 bls. og er metin til fjögurra eininga. Nemendur skrá sig í viðtöl hjá leiðbeinendum sem þeir eiga að hitta reglulega (3 sinnum) meðan á ritgerðarsmiðinni stendur. Leiðbeinendur eru faglegir ráðgjafar nemenda. Jafnframt skulu nemendur ráðfæra sig við sinn prófessor á myndlistarsviði.

Ritgerðin á að sýna skilning nemandans á listsköpun sinni. Í ritgerðinni á nemandinn að gera grein fyrir listhugsun sinni, samhenginu í verkum sínum, gjarnan með hliðsjón af nýjstu verkum og áætluðu lokaverki, listrænum bakgrunni og/eða listsögulegu samhengi, hugmyndaheimi og/eða persónulegri sýn.

Fyrsta uppkast að ritgerðinni skal hafa borist leiðbeinendum þann 8. desember 2008. Annað uppkast skal afhent leiðbeinanda fyrir 12. janúar 2009. Ritgerðinni skal vera lokið og skilað í þremur eintökum á skrifstofu skólans þann 13. febrúar 2009.

c) Frágangur

Ritgerðinni skal skila á A-4 örkum með 3 cm spássíu á hvern veg, tölvusettri, með 12 punkta Timesletri og 1,5 línubili. Á titilblaði ritgerðarinnar komi fram nafn og sérsvið nemanda, heiti ritgerðar, nafn leiðbeinanda, skilamánuður og ártal. Gengið skal frá ritgerðinni á fræðilegan hátt varðandi tilvitnanir, neðanmálsgreinar, heimildaskrá o.s.frv. Ritgerðin skal heft í sérstaka kápu Listaháskóla Íslands sem fæst á skrifstofu skólans. Á kápunni skulu aðeins koma fram nafn höfundar og heiti ritgerðar. Ritgerðin er metin af leiðbeinanda, umsjónarmanni og prófdómara.

Við matið er gengið út frá uppbyggingu (20%), inntaki (60%), og heimildanotkun (20%).

d) Úrræði

Nemendum, sem ljúka ekki lokaritgerð fyrir 13. febrúar 2009 eða þurfa að endurvinna hana að mati prófdómara, gefst kostur á að ljúka ritgerðinni sumarið 2009 með það fyrir augum að útskrifast haustið 2009. Þeir nemendur þurfa að endurnýja umsókn sína um brautskráningu fyrir 1. maí 2009.

2. Ferilmappa (BAM5201M)

Nemendur leggja fram möppu A4 með ljósmyndum af 10-15 verkum. Með ljósmyndunum skal fylgja texti þar sem fram kemur titill á verkum, ártal og efni auk annara upplýsinga sem nemandinn telur nauðsynlegar. Mappan skal endurspegla vinnu nemenda s.l. þrjú ár og er metin sérstaklega af prófessorum deildarinnar. Eintaki sem varðveitt verður á bókasafni deildarinnar, ber að skila 30. apríl 2009 til þjónustufulltrúa í Laugarnesi.

3. Lokaverk (BAM5205M)

a) Vinna við lokaverk

Nemendur velja sér viðfangsefni og vinna út frá því lokaverk innan þess ramma sem prófessor setur. Nemendur vinna lokaverk sitt sjálfstætt. Þeir hafa reglulegt samband við leiðsagnarkennara (prófessor) meðan á vinnunni stendur. Jafnframt gefst nemendum kostur á leiðsögn annarra kennara. Þeir skrá sig í viðtöl og fá hjá þeim persónulega ráðgjöf. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og persónulegar úrlausnir nemendanna. Vinna við lokaverk hefst 9. febrúar og lýkur

með útskriftarsýningu í apríl. Nemendum ber að skila stuttri greinargerð um lokaverkið. Þeim er frjálst að skila skissum og öðru því efni sem þeir telja nauðsynlegt um verk sitt til prófessors eigi síðar en daginn fyrir opnun útskriftarsýningar.

b) Kynning á lokaverki

Nemendum ber að kynna stöðu mála við gerð lokaverks á opnum fyrirlestri í mars 2009.

c) Útskriftarsýning opnar þann 18. apríl 2009.

SAMSKIPTASKÓLAR OG SAMSKIPTASTOFNANIR LITAHÁSKÓLANS

Innlendir samstarfsskólar og stofnanir.

Listaháskólinn leggur áherslu á að efla samvinnu við aðra háskóla í landinu. Þar er fyrst og fremst um að ræða samstarf um ákveðið nám eða námskeið en einnig samvinnu á breiðari grundvelli. Myndlistardeild og hugvísindadeild Háskóla Íslands vinna saman að rekstri náms í listfræði.

Þar sem stór hluti náms við Listaháskólann byggir á þátttöku í listrænu starfi hefur myndlistardeild fengið til liðs við sig ýmsar stofnanir og fyrirtæki sem með einum eða öðrum hætti tengjast skólastarfinu: listasöfn, menningarmiðstöðvar, vinnustofur listamanna, gallerí, fyrirtæki og smíðjur. Í sumum tilfellum byggir samstarfið á formlegum grundvelli en í öðrum tilfellum er samvinnan laustengdari. Meðal stofnana má nefna: Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Nýlistasafnið, Menningarmiðstöðina Skaffell, Slunkaríki, Listahátíð í Reykjavík.

Alþjóðlegt samstarf

Listaháskólinn tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi. Myndlistardeild er aðili að tveimur viðamiklum samskiptaáætlunum, Nordplus menntaáætlun Norðurlandaráðs og Erasmus/Sókrates menntaáætlun Evrópusambandsins. Báðar þessar áætlanir byggjast á kennara- og nemendaskiptum auk annarra samvinnuverkefna. Deildin hefur gert tvíhliða samning við 37 háskóla í Evrópu á vegum Erasmus/Sókrates menntaáætlunarinnar. Innan Nordplus er myndlistardeild þátttakandi í Kuno, samstarfsneti 14 myndlistarháskóla á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltsríkjunum.

Þátttaka myndlistardeildar í þessum áætlunum gerir nemendum á 2. og 3. ári kleift að stunda hluta af námi sínu við listaháskóla um víða veröld. Miðað er við að nemendur séu í nemendaskiptum að hámarki eina önn. Fjöldi erlendra skiptinema stundar einnig nám við Listaháskólann á ári hverju. Kennarar skólans njóta jafnframt góðs af aðild skólans að Erasmus og Nordplus áætlunum. Í gegnum áætlanirnar geta þeir sótt um styrki til að halda námskeið eða fyrirlestra við evrópska háskóla. Fjöldi erlendra gestakennara kenna við skólann á ári hverju til lengri eða skemmri tíma. Listaháskólinn er með fulla aðild að ELIA, European League of Institutes of the Arts, samtökum um 320 listaháskóla í 47 Evrópulöndum. ELIA stendur fyrir ráðstefnum, útgáfu og umræðu um listmenntun meðal listamanna, kennara, stjórnenda og nemenda. Við útskrift fá allir nemendur Listaháskólans viðauka við útskriftarskrifteini sem nefnist *Diploma Supplement.* Viðaukinn er uppsettur samkvæmt samevrópskum stöðlum og felur í sér nákvæma lýsingu á námi viðkomandi nemanda og námsárangri hans á ensku. Viðaukanum er ætlað að auðvelda nemendum aðgang að evrópskum háskólum og evrópskum vinnurmarkaði. Frekari upplýsingar um nemenda- og kennaraskipti og annað alþjóðlegt samstarf má nálgast hjá alþjóðafulltrúa skólans, Ölmú Ragnarsdóttur, alma@lhi.is, Skipholti 1 og á heimasíðu Listaháskólans, www.lhi.is. Einnig er hægt að nálgast ýmsar gagnýtar upplýsingar um nemenda- og kennaraskipti o.fl. á heimasíðu Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, www.ask.is

Erlendir samstarfsskólar

Myndlistardeild LHÍ hefur gert tvíhliða samning á vegum Erasmus/Sókrates menntaáætlunnar við eftirfarandi skóla:

Austurríki:

Academie der Bildenden Künste Wien <http://www.akbild.ac.at>

Universität für Angewandte Kunst Wien <http://www.dieangewandte.at>

Belgía:

Académie Royale des Beaux-Arts, Brussel <http://www.brunette.brucity.be>

Hogeschool Sint-Lukas, Brussel <http://www.sintlukas.be>

Bretland:

Falmouth College of Arts, Cornwall <http://www.falmouth.ac.uk>

Frakkland:

École Regionale des Beaux-Arts de Nantes <http://www.erba-nantes.fr>

École Nationale Supérieure d'Art, Villa Arson, Nice <http://www.cnap-villa-arson.fr>

École Supérieure des Beaux – Arts, de Marseille <http://www.esbam.fr>

École Supérieure d'Arts Graphiques et d'Architecture Interieure, Paris <http://www.esag.tm.fr>

L'École supérieure des Arts Grenoble

Grikkland:

Technological Educational Institute TEI Athens <http://www.teiath.gr>

Holland:

Hogeschool voor de Kunsten Utrecht <http://www.hku.nl>

Gerrit Rietveld Academy <http://www.rietveldacademie.nl>

Royal Academie of Art, the Hague <http://www.kabk.nl/>

Írland:

Crawford College of Art and Design, Cork <http://www.cit.ie/index.cfm>

Ítalía:

Accademia di Belle Arte di Bologna <http://www.geocities.com/accademiabologna>

Accademia di Belle Arti di Roma <http://www.accademiabelleartiroma.it/>

Skotland:

Edinburgh College of Art <http://www.eca.ac.uk/>

Spánn:

Universidad de Barcelona <http://www.ub.es>

Universidad Politecnica de Valencia <http://www.bbba.upv.es>

Sviss:

Hochschule für Gestaltung und Kunst, Zurich <http://www.hgkz.ch/pages/de/home/index.php>

Lucerne School of Art and Design

<http://www.hgk.fhz.ch/international/files/DM-Intl/FolderDownload.pdf>

Tékkland:

Academy of Arts, Architecture and Design, Prague <http://www.vsup.cz/>

FAMU Film and TV School, Prague <http://www.famu.cz/>

Brno University of Technology <http://www.ffa.vutbr.cz/>

Ungverjaland:

University of Arts and Crafts, Budapest <http://www.mie.hu/>

Pýskaland:

Hochschule für Künste, Bremen <http://www.hfk-bremen.de>

Hochschule für bildende Künste, Hamburg 76 <http://www.kunsthochschule.uni-hamburg.de>

Universität der Künste Berlin <http://www.udk-berlin.de>

Kunsthochschule Berlin-Weissensee, Berlin <http://www.kh-berlin.de>

Akademie der Bildende Kunst, Karlsruhe <http://www.kunstakademie-karlsruhe.de/>

Samstarfsskólar innan Nordplus menntaáætlunarinnar:

Norræna menntaáætlunin Nordplus byggir á samstarfsneti 14 myndlistarháskóla innan Norðurlandanna og Eyrstrasaltsríkjanna. Áætlunin veitir styrki til nemenda og kennara til náms og starfa á milli þáttökuskólanna. Á hverju ári fer og kemur fjöldi nemenda til þátttöku í styttri og lengri námskeiðum á vegum þeirra. Allar frekari upplýsingar um námskeiðin, auk umsókna og þáttökueyðublaða má finna á heimasíðu KUNO (<http://www.kuno.no>). Innan áætluninnar starfa eftirfarandi skólar:

Danmörk:

Det Kongelige Danske Kunstakademie <http://www.kunstakademiet.dk/>

Eistland:

Estonian Academy of Arts EAA <http://www.artun.ee/>

Finnland:

Academy of Fine Arts KUVA <http://www.kuva.fi/>

Lettland:

Art Academy of Latvia LMA <http://www.lma.lv/>

Litháen:

Vilnius Academy of Fine Arts VAA <http://www.vda.lt/>

Noregur:

Kunsthøgskolen i Oslo KHIO <http://www.khio.no/>

Kunstakademiet i Trondheim <http://www.kit.ntnu.no/>

Kunsthøgskolen i Bergen KHIB <http://www1.khib.no/>

Svíþjóð:

Konstfack <http://www.konstfack.se/>

Kungliga Konsthögskolan KKH <http://www.kkh.se/>

Konsthögskolan i Malmö <http://www.khm.lu.se/>

Konsthögskolan i Umeå <http://www.umu.se/art/>

Konsthögskolan i Valand <http://www.valand.gu.se/>

MYNDLISTARDEILD

	LOTA 1 25.08.08-26.09.08					LOTA 29.09.08-31.10			
	VIKA 1 25.08.-29.08.	VIKA 2 01.09.-05.09.	VIKA 3 08.09.-12.09.	VIKA 4 15.09.-19.09.	VIKA 5 22.09.-26.09.	VIKA 6 29.09.-03.10.	VIKA 7 06.10.-10.10.	VIKA 8 13.10.-17.10.	
1.ár	Inngangur INN1001M Kristján Stgr. 2 ein	Leiðir LIR1013M 7 ein J B K Ransu & Eirún Sigurðardóttir Tímabil: 01.09.08.-03.10.08					Verkstæðisnámskeið Prent, smíði, ljósmynd Jóhann.L.Torfas. Gulla Tímabil: 06.10.08.-31.		
	Sjónmenning samtímans LIS3302M: Hlynur Helgason Fim. kl 15:15-17 stofa 024 LN					Tímabil: 01.09.08- 1			
2.ár	Íslensk myndlist 1870-1970 LIS0304M: Hrafnhildur Schram & Aesa Sigurjónsd Kennt í HÍ, þriðjud. 8					Tímabil: 25			
	Flötur/vinnustofa FLÖ1007M: Hulda Stefánsdóttir o.fl.					Tímabil: 25			
	Rými/vinnustofa RYM2007M: Ólafur Sveinn Gíslason, o.fl.					Tímabil: 25			
	Tími/vinnustofa TÍM2007M: Lára Marteins, Sigrún Harðar o.fl.					Tímabil: 25			
						Gjörningaannáll SSN0012M: Hugsi			
3.ár	HTL9103M Hlutverk og túllkun í myndlist: Anna Líndal 25.08.-26.09. 7 ein					AOV9103M Aðferðir og vinnuferli: Ólafur Sveinn Gíslason Fim. kl 15:15-17 stofa 024 LN			
						Greinargerð og upphaf lokaritgerðar B			
	Málstofa 3.árs: Umsjón Prófessorar myndlistardeildar Föstudagar					kl 10:00-12.00. Stofa 002 LN			
Fleygar	SUV8001M Suðsuðvesur: Anna Líndal til 05.09.08 Sýning til 5.okt 08 2 ein								
Öll ár Fr.gr. VAL	Hádegisfyrirlestrar HÁD0001M Mánudagar kl 12:30-13.30. Stofa 024 LN					Tímabil: 01.09.08-31.10.08			
	List-nýmiðlar-samfélag LIS8302M: Hlynur Helgason Pri. kl 14:15-17 stofa 024 LN					Tímabil: 01.09.08-31.10.08			
	Heimspæki listarinnar LIS4502M: Gunnar J Árnason Mán. kl 14:15-16 stofa 024 LN					Tímabil: 01.09.08-31.10.08			
	Fagurfræði samfélaga LIS8902M: Sigurjón B Hafsteinsson Fös. kl 13:15-15:00 stofa 024 LN					Tímabil: 01.09.08-31.10.08			
	Heimur sjónarspilsins LIS8202M: Hjálmar Sveinsson Stofa 024 LN					Súrréalismi á 20. og 21. öld Mán kl 14:15-16 & mið kl 15:15-17. Tímabil: 01.09.08-15.10.08 4 ein			
	Alþjóðleg listasaga fyrri tíma LIS1504M: Eiríkur Þorláksson Mið. kl 13:10-14:55 & fim kl 15:15-17. Stofa 024 LN					Tímabil: 01.09.08-31.10.08			

2
08
VIKA 8 VIKA 9 VIKA 10
17.10. 20.10.-24.10. 27.10.-31.10.

VSM8003M **6 ein**
 un, myndvinnla, vídeó/hljóð
 ík Lövskar, Eric Wolf, Sigrún Harðard.
 10.08.

Alþj samtímalistasaga LIS1322
 4.11.08 **4 ein**

& fimmtud. 13:10-14:55

5.08.08- 31.10.08 **14 ein**

5.08.08- 31.10.08 **14 ein**

5.08.08- 31.10.08 **14 ein**

nn Arason 13.10.08- 12.12.08 **4 ein**

afur S Gíslason 29.09.-31.10. **7 ein**

AM5200M: Hanna G Guðm. Skil á

l: 25.08.08- 05.12.08 **1 ein**

nabil: 25.08.08-12.12.08 **1 ein**

nabil: 01.09.08- 14.11.08

ímabil: 01.09.08- 14.11.08

a 024 LN Tímabil: 01.09.08- 14.11.08

21. öld LIS8102M: /Esa Sigurjónsd
 ð kl 15:15-17:00. Tímabil: 20.10.08-

10:50-12:40 Kennit í HÍ

STARFSDAGAR / Engin kennsla 03.11.08 - 07.11.08

LOTA 3				
10.11.08-12.12.08				
VIKA 11	VIKA 12	VIKA 13	VIKA 14	VIKA 15
10.11.-14.11.	17.11.-21.11.	24.11.-28.11.	01.12.-05.12.	08.12.-12.12.

SVI9003M Sjálfstæð vinna **7 ein**
 Próffessorar & NN
 Tímabil: 10.11.08-12.12.08

Hanna G Guðm Þri&fim kl 13:15-15:00 28.10.08- 04.12.08 **4 ein**

Tímabil: 01.09.08- 30.11.08 **8 ein**

Sjálfstæð vinna SVI3103M: **7 ein**
 Próffessorar myndl.deildar og Hekla Dögg Jónsd 10.11.08-12.12.08
 Fleygar/Stutt tækninámskeið

Skuggar af ljósi SAL7503M: **7 ein**
 Hrafnkell Sigurðss & Eric Wolf 10.11.08-12.12.08

HON9103M Að sýna og segja:Hulda Stefánsdóttir 10.11.08-12.12.08 **7**

greinargerð 19.11.08. Skil á fyrsta uppkasti ritgerðar 08.12.08

4 ein

4 ein

4 ein

4 ein
 27.11.08 Ln Stofa 024 LN

Tímabil: 01.09.08-30.11.08 **8 ein**

Prófavika 15.-19.des JÓLALEYFI hefst 22.des. Kennsla hefst aftur 5.jan 2009.

MYNDLISTARDE

		LOTA 4 05.01.09-06.02.09 VIKA 1 VIKA 2 VIKA 3 VIKA 4 VIKA 5 05.01.-09.01. 12.01.-16.01. 19.01.-23.01. 26.01.-30.01. 02.02.-06.02.					LOTA 09.02.09-13.03 VIKA 6 VIKA 7 VIKA 8 09.02.-13.02. 16.02.-20.02. 23.02.-27.02.		
1.ár: skylda	Málstofa 1.ár MAS2601M: Anna LINDAL, Hulda Stefánsdóttir, Katrín Sigurðardóttir, Ólafur Gíslason Fimmtudagar kl 15:15-17:00.								
	Alþjóðleg nútímalistasaga LIS1104M: Þóra Þórisdóttir Þriðjudaga og fimmtudaga kl 15:15-17:00. Tímabil: 05.01.09-06.02.09								
1.ár & 2.ár	Millideildanámskeið, 3 vikur 4 ein Millid.námskeið 05.01.09-23.01.09	Tækninámskeið, 2 vikur 26.01.09-06.02.09 3 ein Tilraunast. í málv. Guðrún Einarsdóttir Mótun. Brynhildur Þorgeirsdóttir Málmsmíði. Helgi Gíslason Trésmíði. Gulleik Lövskar Bakgrv f sýndarveruleika. Sigrún Harðardóttir Prent og bókagerð. Jóhann L Torfason	Viddir málverksins GGG8603M: Sig. Þórisdóttir 7 ein						
			Litjósmyndun LJÓ9503M: Anna Hallgrímsdóttir 7 ein						
			Mögul. vídeós VÍD9503M: Sigrún Harðardóttir						
			Gjörningar/athafnir GJÓ9503M: Erlingur Þórisdóttir						
	Sjálfstæð vinna SVI6503M: Þórisdóttir								
3.ár	Lokaritgerð BAM5202M: Hanna Guðlaug Guðm. Skil 13.02.09	4 ECTS	Ferilmappa BA						
	Málstofa 3.árs: Umsjón Prófessorar myndlistardeilda Föstudagar kl 10:00-12.00. Stofa 002 LN Tímabil: 05.01.09-06.02.09								
	Starfsumhverfi myndl.SHM5101M: Kristján Steingrímur 13.02.09	2 ein	Seyðisfiörður S						
	FRN5303M Frjálst nám: Prófessorar 05.01.09-06.02.09	7 ein	BAM5205M Lokaverk: Prófessorar						
VAL									
Öll ár Frgr. VAL	Hádegisfyrirlestrar HÁD0000M Mánudagar kl 12:30-13.30. Stofa 024 LN								
	Gagnrýni og önnur skrif um myndlist LIS9302M: Anna Jóhannsdóttir	Tímabil: 05.01.09-06.02.09							
	Samfélag og sjálfmyndir LIS9202M: Hanna Guðlaug Guðmunds	Tímabil: 05.01.09-06.02.09							
	Myndasögur LIS0802M: Úlfhildur Dagsdóttir	Tímabil: 05.01.09- 13.03.09							
	Sýningagerð og sýningastjórn LIS8402M: Hanna Guðlaug Guðmundsd	stofa 024 LN Tímabil: 05.01.09-06.02.09							
	Íslensk samtímamyndlist LIS1313M: Auður Ólafsdóttir kl 13:15-15:00.	Tímabil: 05.01.09-06.02.09							
	Persónuleiki og minni í mynd LIS9102M: Hlynur Helgason Stofa 024 LN	Tímabil: 05.01.09-06.02.09							
	Starfsemi listasafns LIS91011M: Auður Ólafsdóttir HÍ	Tímabil vorönn 2009	2 ein						

5		LOTA 6				
.08		16.03.09-29.04.09				
VIKA 8	VIKA 9	VIKA 10	VIKA 11	VIKA 12	VIKA 13	VIKA 14
02.02.-02.03.	02.03.-06.03.	09.03.-13.03.	16.03.-20.03.	23.03.-27.03.	30.03.-03.04.	05.04.-22.04.
						24.04.-30.04.
Skil 13-15. Tímabil: 05.01.09- 15.04.09		Stofa 024 Ln 1 ein				
Tímabil: 05.01.09- 14.03.09		8 ein				
Árni Sigurðsson 09.02.09.-13.03.09		TPR9603M Ummyndun Guðný Rósa Ingim			16.03.09-30.04.09 7 ein	
Eric Wolf 09.02.-13.03.		HLJ9603M Hljómsveitasæla: KrBj Kr&Kolbe			16.03.09.-30.04.09 7 ein	
Þorbjörg Þórunn 09.02.09.-13.03.09 7 ein		SKÚ9403M Skúlptúr sögusvið: Katrín Sigur			16.03.09.-30.04.09 7 ein	
Klingenb. 09.02.09.-13.03.09 7 ein		TEA8503M Textill: Guðrún Gunnarsdóttir			16.03.09.-30.04.09 7 ein	
Myndir myndl.deildar 09.02.09.-13.03.09		Sjálfstæð vinna SVI6603M: Próf. myndl.deild			16.03.09.-30.04.09 7 ein	
AM5201M: Prófessorar.		Skil 29.04.09 3 ein				
Tímabil: 05.01.09- 15.04.09 2 ein						
SSE5101M: Björn Roth vor 2009 3 ein						
Tímabil 09.02.09-30.04.09		10 ein Útskriftarsýning vor 2009				
Vinnsluferli við gerð sýndarveruleika VÍD7202M Sigrún Harðard					16.03.09- 30.04.09 4 ein	
Tímabil: 05.01.09- 30.04.09 1 ein						
Tímabil: 05.01.09- 13.03.09 4 ein						
Tímabil: 05.01.09- 13.03.09 4 ein						
4 ein						
Tímabil: 05.01.09- 13.03.09 4 ein						
Tímabil: 05.01.09-13.03.09 6 ein						
Tímabil: 05.01.09-13.03.09 4 ein						

Starfsdagur 6.-8.4.2009: Engin kennsla. PÁSKAFRÍ 9.-14.apríl 2009

Kennslutímabili lýkur 8.maí 2009. ÚTSKRIFT 30.maí 2009

MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR SKÓLAÁRIÐ 2008-2009

Júlí / Ágúst / September

28.júlí	Aðalskrifstofa LHÍ opnar eftir sumarleyfi
2.ágúst	Gjalddagi fyrri hluta skólagjalda
25.ágúst	Nýnemakynning. Kennslutímabil á haustönn hefst

Október

31.október	Opinn dagur
------------	-------------

Nóvember

3.-7.nóvember	Starfsdagar kennara, engin kennsla
---------------	------------------------------------

Desember

12.desember	Síðasti kennsludagur á haustönn
19.desember	Prófum og verkefnaskilum lýkur
22.desember	Jólaleyfi hefst

Janúar

5.janúar	Skrifstofa opnar eftir jólaleyfi
5.janúar	Kennslutímabil á vorönn hefst

Febrúar

15.febrúar	Gjalddagi seinni hluta skólagjalda
------------	------------------------------------

Mars

27.mars	Umsóknarfrestur um nám í myndlistardeild, tónlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild
---------	------------------------------------------------------------------------------------------

Apríl

4.apríl	Umsóknarfrestur í kennaranám
6.-14.apríl	Starfsdagar og páskafrí
15.apríl	Umsóknarfrestur í kennararnám
18.apríl	Úskriftarsýning opnar
30.apríl	Seinasti kennsludagur

Mái

8.mái	Prófum og verkefnaskilum lýkur
30.mái	Útskrift skólans